



# Upplifun íslenskra lögreglumanna af afskiptum af ungmendum við skyldustörf

Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lögreglu- og löggæslufræði  
Hug- og félagsvísindadeild  
Háskólinn á Akureyri  
Maí 2024

Upplifun íslenskra lögreglumanna af  
afskiptum af ungmennum við skyldustörf

Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir

12 eininga lokaverkefni

Sem er hluti af

*Bachelor of Arts-prófi í lögreglu- og löggæslufræði*

Leiðbeinandi

Ólafur Örn Bragason

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Akureyri, maí 2024

Titill: Upplifun íslenskra lögreglumanna af afskiptum af ungmennum við skyldustörf

12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í lögreglu- og löggæslufræði

Höfundarréttur © 2024 Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir, 2024, B.A. verkefni,

félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 55 bls.

Akureyri, maí 2024

## Ágrip

Markmið þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á upplifun lögreglumanna á því að hafa afskipti af ungmennum er þeir sinna skyldustörfum. Leitast verður við að svara spurningunni: Hver er upplifun lögreglumanna af afskiptum ungmenna og hvernig upplifa þeir viðhorf ungmenna til lögreglunnar er þeir þurfa að hafa afskipti af þeim?

Til að varpa ljósi á rannsóknarspurninguna verður fjallað um þá löggæsluaðferð sem lögreglumenn eru að sinna hér á landi til að skapa tengsl og fræða börn um hlutverk lögreglu og sjálft lögreglustarfið.

Þá voru tekin eigindleg viðtöl við tvo lögreglumenn til að kanna upplifun þeirra af samskiptum við ungmenni. Báðir eru þeir staðsettir á höfuðborgarsvæðinu og vinna sem lögreglumenn. Til þess að fá mismunandi viðhorf frá þeim voru þeir vísitandi valdir með það í huga að þeir hafi mislangan starfsaldur, hafi starfað á sitthvorri starfstöðinni. Þó svo að viðmælendur séu einungis tveir gefa viðtölin vísbendingar um upplifun lögreglumanna á afskiptum þeirra á ungmennum.

Helstu niðurstöður gefa vísbendingu um að þrátt fyrir mismunandi reynslu, aldur og starfsaldur upplifðu viðmælendur mjög svipaða hluti við afskipti af ungmennum. Ungmenni sem eru í viðkvæmri stöðu, s.s. í slæmum félagsskap, neyta fíkniefna eða eru í einhverslags afbrotum og lifa óreglulífi eru erfiðari í samskiptum við lögregluna heldur en þau börn sem ekki eiga sér slíka sögu.

Sá hópur af börnum sem er í viðkvæmri stöðu er lítill þegar heildarfjöldi barna á landi sem lifa eðlilegu lífi er skoðaður og upplifðu báðir viðmælendurnir að mikill meirihluti barna sem þeir ættu í samskiptum við væri almennt með gott viðhorf gagnvart lögreglunni og treysti henni. Frekari rannsókn er þörf til að svara því hvort þessi upplifun sé sameiginleg meðal lögreglumanna og þessar niðurstöður geta því gagnast við að búa til spurningalista fyrir megindlega rannsókn.

## **Abstract**

The aim of this essay is to shed light on police officers' experience of interfering with young people in the course of their duties.

The law enforcement method that police officers are carrying out in order to create relationships and educate children about the role of the police and the work itself will be discussed.

The research question that I am trying to answer is: What is the experience of police officers when intervening with young people and how do they experience the attitude of young people towards the police when they have to intervene with them?

In order to shed some light on the answer to that question, qualitative interviews were conducted with two police officers. Both of them are located in the capital area and work as police officers. In order to get the broadest possible view, they were deliberately chosen with the idea that they do not have equal experience, have worked in different working environment and have different years of service behind them. Although there are only two interviewees, it is possible to shed some light on the attitude of young people towards the police.

The conclusion can be drawn from the interviews that. Even though the police officers had different experiences, ages and years of service their experience was very similar, from interventions with young people. Young people who are generally in bad company, consume drugs, are involved in some type of crime and lead an irregular life have more difficulty in communicating with the police than those who lead normal life. The group of children who have problems with the police are a large minority to children in this country who live a normal life, and both interviewees felt that the vast majority of children generally had a good attitude towards the police and trusted them.



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Lögmæti lögreglunnar á Íslandi .....	2
Traust til lögreglu.....	2
Rannsóknir á trausti og lögmæti.....	3
Mótun skoðana ungs fólks á lögreglunni .....	4
Tengsl milli skoðanna foreldra og barna.....	5
Rannsókn Skogan og fleiri .....	6
Upphaf samfélagslögreglunnar (community policing) .....	7
Saga samfélagslöggunar á Íslandi .....	8
Hvað gera Samfélagslöggur .....	10
Uppsetning heimsóknanna í skólana .....	11
Hvernig upplifa börnin samfélagslöggurnar .....	12
Skólarnir og stofnanirnar.....	14
Tilgangurinn með Samfélagslöggunum .....	15
Umræða um internetið og áhrif þess á viðhorf krakkanna .....	16
Sérverkefni .....	16
Eigindleg viðtöl við lögreglumenn .....	17
Aðferðarfræði.....	17
Upplifun lögreglumannanna af afskiptum þeirra við ungmenni .....	18
Virðing .....	20
Traust.....	21
Viðhorf ungmenna og foreldra.....	22
Áhrif símanotkunar og upplifun lögreglumanna á að vera sífellt í upptöku .....	24
Áhrif fréttáflutnings og efni á netinu á viðhorf fólks gagnvart lögreglumönnum .....	26
Færni lögreglumanna í samskiptum .....	28
Helstu áskoranir í samskiptum viðmælanda við ungmenni .....	29
Hópamyndanir ungmenna og afskipti lögreglu .....	30
Afskipti af erlendum ungmennum.....	32
Samfélagslöggæsla .....	33
Upplifun lögreglumannanna af vopnaburði ungmenna.....	34
Umræður .....	34
Heimildir .....	38





## Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um störf lögreglunnar á Íslandi þegar kemur að því að hafa afskipti af ungum einstaklingum og hvernig löggæslu er háttað í kringum börn og ungmenni hér á Íslandi. En afskipti lögreglu af ungmennum hefur alltaf vakið áhuga rannsakanda út frá eigin reynslu sem lögreglukona. Til að veita innsýn í reynsluheim lögreglumanna þegar kemur að samskiptum við ungmenni voru tekin tvö rannsóknarviðtöl við lögreglumenn til að dýpka fræðilega umfjöllun í fyrstu köflum ritgerðarinnar. Reynt verður að skýra út á sem bestan hátt upplifanir þeirra beggja og þær bornar saman við fræðilegt efni í ritgerðinni. Viðtölin voru byggð á fyrir fram ákveðnum spurningum til að ná sem best utan um upplifun lögreglumanna af afskiptum af ungmennum. Þá var einnig tekið viðtal við lögreglumenn sem sinna samfélagslöggæslu til að varpa ljósi á hlutverk lögreglunnar í þeim málum en lítið er til um skriflegar heimildir um samfélagslöggæslu hér á landi. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er hver er upplifun lögreglumanna af afskiptum af ungmennum á Íslandi? Lögreglumennirnir voru spurðir um upplifanir af virðingu, samvinnu og viðhorf ungmenna í garð lögreglunnar.

Þegar rætt er um unga einstaklinga er átt við einstaklinga frá aldrinum 12 -17 ára. Í fyrsta kafla verður rætt um lögmæti lögreglunnar á Íslandi, skoðanakannanir og niðurstöður þeirra sem hafa verið framkvæmdar héraðs á trausti til lögreglu. Í öðrum kafla er fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis á því hvernig viðhorf og skoðanir á vissum hlutum og stofnunum myndast hjá einstaklingum í æsku. Þar næst, í þriðja kafla er fjallað almennt um samfélagslöggæslu sem aðferð í löggæslu, uppruna hennar og hvað felst í henni. Í fjórða kafla er samantekt sem tekin er úr viðtali sem rannsakandi tók af tveimur lögreglumönnum sem sinna samfélagslöggæslu á Íslandi og kemur þar fram allt það helsta sem þeir sinna í sínu starfi. Í fimmta og síðasta kafla ritgerðarinnar verður tekin samantekt úr viðtölunum sem tekin voru við tvo lögreglumenn, lögreglumennirnir hafa mislangan starfsferil og reynslu.

## Lögmæti lögreglunnar á Íslandi

Trú fólks á lögmæti lögreglu (e. police legitimacy) þarf að vera til staðar, það hefur áhrif á það hvernig fólk sér lögreglu sem yfirvald. Lögmæti getur verið skilgreint á marga vegu en hægt er að segja að það sé upplifaður réttur yfirvalda eða stofnanna til þess að stjórna í samfélaginu. Ef fólk trúir því að lögreglan sé lögmætt yfirvald er það líklegra til að vinna með lögreglu og fylgja fyrirmælum hennar. Lögreglunni er þannig gefið traust til að framfylgja lögum og reglum í landinu (Bolger og Walters, 2019).

Lögmæti lögreglu hefur alltaf verið og mun alltaf vera mikilvægur þáttur í því að halda uppi þeirri hugmynd sem samfélagið hefur um lögregluna, þ.e. viðurkenning almennings á valdi viðkomandi stofnunar og tilfinning þeirra fyrir því að þeim beri skylda til að hlýða fyrirmælum þessara stofnunar. Þegar einstaklingur metur lögmæti lögreglunnar er hann í raun að gera upp við sig hvort hann sé tilbúin að fara eftir fyrirmælum hennar og leggja trú sína á það að hún muni sinna sinni vinnu og starfi af fagmennsku og heilindum (Sunshine og Tyler, 2003).

Allt helst þetta í hendur, traust, lögmæti og ásýnd lögreglunnar á samfélaginu. Þessi hugtök eru eitthvað sem allir lögreglumenn þurfa að hafa í huga alltaf þegar þeir sinna sínum störfum sem lögreglumenn. Það sem einn lögreglumaður gerir getur haft áhrif á allt lögregluliðið eins og það leggur sig. Traust tekur tíma að byggja upp en það getur horfið á svipstundu (Harkin, 2015). Yngri einstaklingar eru líklegri til að telja lögregluna ólögmætt vald heldur en þeir sem eldri eru. Nokkrar ástæður eru fyrir því og það er til að mynda vegna þess að ungmenni eru líklegri til að lenda í höndum lögreglu. Þau eru áhrifagjarnari og taka því oftast þátt í afbrotum heldur en fullorðnir. Ungmenni eru einnig móttækilegri fyrir skoðunum annarra og taka frekar upp skoðanir annarra heldur en mynda sér sína eigin (Bolger og Walters, 2019).

## Traust til lögreglu

Þegar það ríkir samvinna á milli lögreglunnar og flestra hópa í samfélaginu stuðlar það að betra og öruggara samfélagi ásamt góðrar löggæslu. Traust til lögreglu er atriði sem lögreglan þarf að vinna að og byggja upp á hverjum einasta degi. Traust er í raun samþykki annarra til að vera berskjaldaður og tekur sá einstaklingur áhættu um það að sá sem hann treystir muni framkvæma ákveðna aðgerð og treystir því að sú aðgerð sé honum til góðs. Traust er lykilatriði, það hefur gríðarleg áhrif á virkni lögreglunnar (Mourtgos o.fl., 2019). Til

að nefna nokkur atriði þá þarf traust að ríkja til að almenningur vilji tilkynna brot og annað misjafnt til lögreglunnar. Það þarf að ríkja traust til lögreglu svo að almenningur treysti lögreglunni fyrir því hlutverki sem hún á að sinna og leysi þau mál sem þau koma með til hennar á sem farsælastan hátt og gæti að hlutlægni (Tómas Bjarnason, 2014). Síðast en ekki síst ef traust til lögreglu er til staðar eru borgarar líklegri til að fara eftir fyrirmælum lögreglu og getur það gert vinnu lögreglu margfalt auðveldari. Traust þarf að byggja upp og er því tilvalið að byrja að byggja það upp þegar einstaklingar eru ungir. Þegar lögreglumenn gefa af sér til barna og unglunga, gefa sér tíma í að kynnst börnum, kynna börnum fyrir starfi lögreglunnar og fyrir hvað lögreglan stendur er það gott veganesti sem heldur áfram að gefa af sér. Framkoma lögreglumanna skiptir höfuð máli í þessum efnunum en rannsóknir hafa sýnt fram á að almenningur byggir skoðanir sínar ekki á því hvernig lögreglan sinnir málum eða vinnur þau heldur byggir hann skoðun sína mikið á framkomu lögreglumanna við minni verkefni og afskipti (Diaz, 2019; Kääriäinen og Sirén, 2012).

### ***Rannsóknir á trausti og lögmæti***

Viðhorf almennings og traust til lögreglunnar hefur verið mælt í gegnum tíðina alveg frá seinni hluta 20. aldar, víðsvegar um heim. Ástæða þess var sú að lögreglustjórar og aðrir fulltrúar byrjuðu að horfa á slíka þætti ekki bara sem vísbendingu um gæði þjónustunnar en ekki síður sem einn helsta þáttinn til að tryggja öryggi samfélagsins og almennings (Alalehto og Larsson, 2016). Þegar rýnt er í rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlendis um lögmæti lögreglu og hvort hinn almenni borgari telji að fylgja eigi fyrirmælum lögreglunnar þó svo hann sé ósáttur við framkomu hennar eða hvernig lögreglan klárar ákveðin mál er ávallt meirihlutinn því sammála. Á árunum 2017-2023 hefur Gallup framkvæmt slíka könnun og eru niðurstöðurnar áhugaverðar. Trú almennings á því að framfylgja eigi fyrirmælum lögreglunnar jókst um 25% eða frá 21% upp í 46% á árunum 2017-2020, árið 2021 fer það svo niður um 1% og svo minnkar það töluvert eða um 6%, úr 45% niður í 39%. Árið 2023 eru svör þeirra sem eru sammála þeirri staðhæfingu orðin 43%. Þeir svarendur sem eru sammála eða frekar sammála er mikill meirihluti svaranna en öll árin eru þau yfir 60 % svarenda og frá og með árinu 2018 eru þeir sem eru hlynntir því að fylgja fyrirmælum lögreglu yfir 80%. Hægt er að sjá breytingu á svörum svarenda á árum heimsfaraldursins Covid-19 eða á árunum 2020-2022 (Gallup, e.d.). Það er áhugavert vegna þess að á þeim tíma sinnti lögreglan því verkefni að framfylgja lögum sóttvarnarlæknis. Því fylgdi oft að framfylgja lokunum á hinum ýmsu stöðum, gæta þess að fjöldatakmörkun á svæðum var fylgt eftir og einnig að finna og fylgja einstaklingum sem áttu að sinna sóttkví á tilgreindum stað

oft gegn þeirra vilja. Hlutverk lögreglu var oftast en ekki gagnrýnt og þjóðfélagsþegnar upplifðu í stöku skipti að slíkar aðferðir voru óréttlátar.

Í rannsókn sem framkvæmd var af Háskóla Íslands árið 2020 sýndi fram á slíkar niðurstöður. En einnig má sjá á niðurstöðum um traust til lögreglu hjá aldurshópnum 18 til 25 ára mælist traust hlutfallslega lægs eða 71,3 % það er 4,5 % lægra heldur en hjá næsta aldursflokki og síðan fara tölurnar hækkandi eftir því sem meðalaldur svarenda hækkar. (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2020).

## **Mótun skoðana ungs fólks á lögreglunni**

Lögreglumenn eru í reglulegum samskiptum við hinn almenna borgara. Ef lögreglumenn sýna borgurum almennt virðingu og koma fram við þá af fagmennsku og virðingu getur það aukið lögmæti lögreglunnar og aukið löghlýðni borgaranna. Það sem áhugavert er að nefna er að jafnvel þó að lögreglumenn séu til fyrirmyndar og sinni vinnu sinni eftir bestu getu þarf ekki að vera að það dragi úr vantrausti fólks á lögreglunni. Hins vegar ef borgari telur að komið sé fram við hann af óréttlæti og ósanngirni getur það haft gríðarleg áhrif á sýn hans á lögreglunni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að slæmir hlutir gleymast hægar en þeir sem eru vel gerðir og að almenningur tjáir sig frekar um atvik þar sem þeir verða fyrir neikvæðri reynslu og af afskiptum af hálfu lögreglunnar heldur en jákvæðri reynslu (Harris og Jones, 2020).

Rannsóknir hafa sýnt að viðhorf eldri einstaklinga, það er að segja fullorðinna einstaklinga, er almennt ekki eins neikvætt og viðhorf ungmenna gagnvart lögreglu. Hægt er að útskýra það á þann hátt að ungt fólk hefur verið duglegra að sækja fjölfarna staði og hefur lögreglan meiri afskipti af ungmönnum vegna þessa, afskiptin geta verið bæði á góðan og slæman hátt. Hægt er að tengja slíkar niðurstöður vegna meiri notkunar ungra einstaklinga á almennum opinberum rýmum líkt og almenningsgördum, leiksvæðum, verslunarkjörnum og útivistarrýmum (Sargeant og Bond, 2015).

Einstaklingur byrjar að mynda sínar eigin skoðanir og fer að taka upp og breyta sínum félagslegum venjum, líkt og skóla, áhugamálum og samskiptum. Á síðari stigum unglingsáranna þá sirka 18-25 ára fara allskonar þættir að hafa minni áhrif á skoðanir og upplifun einstaklingsins en það tengist enn og aftur þroska hans. Félagslegur þroski sem verður á þessum árum mótar einstaklinginn og hans persónu til fullorðinsára ásamt æsku hans (Sindall o.fl., 2017).

Á meðal þessara þátta sem oft geta haft áhrif á viðhorf ungra og óharðnaða einstaklinga er til dæmis áhrif foreldra. Þegar ungt fólk byrjar að öðlast aukið sjálfstæði, skýrari og öruggari sjálfsmynd í gegnum t.d. menntun, sambönd, vinnu og upplifanir fara þau að mynda sér sínar eigin skoðanir á hlutunum en ávallt eru þættir sem geta haft áhrif á þeirra skoðanir og hvernig þær mótast og myndast (Jennings o.fl., 2009; Harris og Jones, 2020).

Viðhorf og skoðanir fólks eiga það oft til að myndast út frá félagslegu umhverfi einstaklingsins. Börn sem alast upp með foreldrum sem hafa jákvæða sýn á lögreglunni og hennar störfum eiga það oft til að smitast af þeim skoðunum og það er jafnalgengt og þegar börn alast upp með foreldrum sem hafa neikvætt viðhorf gagnvart lögreglunni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að viðhorf foreldra hafa mikil áhrif á viðhorf og skoðanir barna þeirra (Vollebergh o.fl., 2001).

### ***Tengsl milli skoðanna foreldra og barna***

Í rannsókn sem framkvæmd var af CSEW árið 2010-2011 í Bandaríkjunum, voru tekin viðtöl við börn og foreldra þeirra. Þátttakendur í rannsókninni voru 2.471 heimili þar sem bæði barn og foreldri á heimilinu tóku þátt. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndi fram á að foreldrar höfðu mikil áhrif á skoðanir barna sinna, skoðanir þeirra voru mjög svipaðar. Einnig hafa fleiri rannsóknir verið gerðar og sýna þær niðurstöður fram á það að oftar en ekki hafa foreldrar mikil áhrif á skoðanir og viðhorf barna sinna og í flestum tilfellum er hægt að sjá sterka tengingu á milli viðhorfs foreldris og barns. Það er að barn myndi sér mjög svipaða skoðun á mörgu og þar á meðal til dæmis lögreglunni. Sú skoðun getur fylgt barninu eða getur haft mikil áhrif á mótun viðhorfs og skoðunar fram á fullorðinsárin. Í sömu rannsókn kom einnig fram að börn sem alast upp við það að sjá lögregluna oft í daglegu lífi, þekkja til hennar og búa í frekar vernduðu umhverfi eru líklegri til að bera jákvætt viðhorf til lögreglunnar og fylgja fyrirmælum hennar (Sindall o.fl., 2017). Slík niðurstaða sýnir fram á það sama og samfélagslöggæsla, en fræðin bak við samfélagslöggæslu sýnir fram á að einstaklingar sem eru mikið í kringum lögregluna og þekkja til hennar eru líklegri til að bera jákvætt viðhorf til hennar en þeir sem umgangast hana ekkert (Albrecht, 2024).

Einnig rýmar það við kenninguna um félagsnám (social learning theory) sett var fram af sálfræðingnum Albert Bandura. Sú kenning snýr að því hvernig einstaklingar og þá sérstaklega börn sjá hegðun hjá öðrum og tileinka sér þá hegðun. Hins vegar er vendipunkturinn í þeirri kenningu að börn tileinka sér ekki alla hegðun sem þau sjá, heldur miklu frekar frá þeim sem þau vilja líkjast og eru fyrirmyndir þeirra (Akers og Jennings, 2016).

Það sem getur haft áhrif á að neikvætt viðhorf myndast gagnvart lögreglunni hjá börnum er t.a.m. ef lögreglan hefur samskipti af börnum, þar sem börn eru viðfangsefni rannsóknar, vitni eða sakborningar. Ef börn sem lögreglan hefur samskipti af upplifa samskiptin á neikvæðan hátt eru þau gjörn á að mynda sér skoðun á lögreglunni út frá þeim samskiptum. Samskipti lögreglu og barna geta haft varanleg áhrif á viðhorfi þeirra gagnvart lögreglunni. Hægt er að sjá töluverðan mun á viðhorfi hjá minnihlutahópum sem ungir karlmenn af erlendum uppruna tilheyra og þeir hópar hafa oftast neikvæðara viðhorf (Hurst og Frank, 2000).

### ***Rannsókn Skogan og fleiri***

Eins og fram hefur komið hafa margar rannsóknir verið gerðar til að kanna hvað getur haft áhrif á viðhorf ungs fólks gagnvart lögreglunni. Niðurstaða margra rannsókna benda til þess að ef einstaklingar eru ánægðir með samskipti milli þeirra og lögreglunnar hefur það mikil áhrif á almennt viðhorf gagnvart lögreglunni í heild sinni (Skogan, 1996). Einnig getur það haft áhrif á viðhorf einstaklinga hvernig samskipti á milli einstaklinga og lögreglunnar hefst. Hvort það sé borgarinn sem á frumkvæðið á samskiptum, til að mynda ef hann þarf að tilkynna glæp eða eitthvað því um líkt þá er líklegra að hann upplifi jákvæðari reynslu af samskiptunum. Hins vegar ef lögreglan á frumkvæðið af afskiptum með því að þurfa að tala við vitni í málum eða stöðva öikumenn og hefja afskipti af fyrrabragði er líklegra að einstaklingar upplifi þau samskipti á neikvæðari hátt (Bradford o.fl., 2009).

### ***Viðhorf til lögreglu eftir kyni***

Þegar kemur að kyni og viðhorfi til lögreglu er viðhorf kvenna almennt jákvæðara heldur en ungra karla (Hinds, 2007; Háskóli Íslands, 2020). Margar ástæður geta verið fyrir því. Margt bendir til þess að lögreglumenn taki almennt ákvarðanir sem eru hagstæðari og leiða til mála sem hafa vægari afleiðingar fyrir ungar konur heldur en karla, einnig eru færri dæmi af árekstrum í samskiptum milli ungra kvenna og lögregluþjóna (Delsol og Shiner, 2006). Það sem spilar stórt hlutverk á milli kynjanna eru aðgerðir lögreglu sem hafa mikið verið gagnrýndar „stop and search“ þar sem algengara er að þessi aðferð sé notuð gegn ungum karlmönnum. Aðferðin er einna helst notuð í Bandaríkjunum en lögreglan getur framkvæmt leit og leitað af sér allan grun um að eitthvað saknæmt sé til staðar. Bæði á einstaklingi og í bíl eða hlutum án þess að handtaka einstaklinginn. Þessi aðferð er oft talin vera neikvæð afskipti sem er oftast beint að ungum karlmönnum í minnihlutahópum (dökkir á hörund) og veldur því að ungir karlmenn upplifa lögregluna á neikvæðan hátt (Can, 2024).

## Upphaf samfélagslögreglunnar (community policing)

Löggæsla er mjög vítt hugtak og lögreglumenn geta sinnt löggæslustörfum á mjög fjölbreyttan hátt. Þekktustu löggæsluaðferðirnar sem lögreglulið um allan heim eru að vinna eftir eru sex talsins. Þær eru Traditional model of policing (TMP), Community- Based & neighbourhood policing (NHP), Problem-orientated policing (POP), Intelligence-led policing (ILP), Zero-tolerance policing (ZTP) og Evidence – Based Policing (EBP) (Longstaff o.fl., 2015).

Í þessum kafla verður farið yfir svokallaða samfélagslöggæslu (Community- Based & neighbourhood policing) uppruna hennar og hvað í henni felst. Samfélagsleg löggæsla á upphaf sitt að þakka Sir Robert Peel en hann er oft kallaður faðir nútíma löggæslu. Hann sagði eitt sinni þessi frægu orð “ The police are the public and the public are the police”. Sem í raun er hægt að þýða á þann hátt að lögreglan eru venjulegir borgarar sem sinna löggæslu og venjulegir borgarar eru einnig borgarar sem sinna löggæslu. Robert Peel var uppi á 19. öldinni en þó svo að svo langur tími sé liðin síðan þá, þá eiga margar ef ekki flestar hans þælingar enn við í dag og enn er notast við þær í nútímalöggæslu. Robert lagði mikla áherslu á samband lögreglunnar og borgaranna og þaðan kemur einnig hugtakið Community-based & neighbourhood policing (Ellefsen o.fl., 2023).

Upphaf samfélagslöggæslunnar átti sér stað þegar lögreglumenn fóru að finna fyrir miklum aðskilnaði á milli þeirra og borgaranna sem þeir voru að þjónusta í Bretlandi. Lögreglumenn fundu ekki fyrir miklum stuðningi né samstöðu þegar þeir sinntu störfum sínum. Þeir hófu því að breyta nálgun sinni á löggæsluaðferðum, til að mynda skiptu þeir út eftirliti á lögreglubifreiðum yfir í göngueftirlit. Þannig urðu lögregluþjónar aðgengilegri fyrir fólk að nálgast og hefja samræður við þá. Nálgunin var sett upp á þann hátt að lögreglumenn áttu að læra á nærsamfélag sitt, vera partur af því og kynnast fólkinu sem bjó í því betur. Einnig áttu þeir að byggja upp samband við borgarana með því að kynnast þeim, sýna þeirra gildum áhuga og hefja samræður við bæði fullorðna og börn um hvað sem var. Þessi nýja nálgun sýndi fram á miklar breytingar á milli samfélagsins og lögreglunnar (Crowl, 2017).

Í dag eru sömu viðmið höfð í hávegum en það er einnig partur af þessari nálgun að heimsækja leikskóla, skóla og félagsmiðstöðvar og leyfa þannig ungmennum að kynnast lögreglunni. Með því að heimsækja þessar stofnanir af fyrrabragði eru þeir að gera lögregluna í heild sinni aðgengilegri fyrir unga einstaklinga sem þeir muna allt sitt líf og eru því líklegri til að mynda sér jákvætt viðhorf gagnvart lögreglunni og hennar störfum (National Police

Foundation, 2016). Lögreglustarfið snýst að miklu leyti um að hafa samskipti og afskipti af fólki og hugmyndafræði samfélagslöggæslu er að lögreglumenn verði að gæta þess að sinna ekki vinnunni líkt og færibandavinnu, heldur mynda tengsl við almenning og stuðla að samvinnu. Þeir verða að gæta þess að gefa af sér og sýna fólkinu áhuga en ekki einungis lögreglumálinu sjálfu sem slíku. Ef lögregluþjónar vinna lögreglumál líkt og færibandavinnu og gefa ekkert af sér né gefa sér tíma í að spjalla við fólk, getur það leitt til aðskilnaðar milli lögregluþjónanna og fólksins sem hún er að þjónusta (Cordner, 1997). Þegar lögreglumenn byrja að sýna fólkinu áhuga getur það leitt til viðhorfsbreytingu fólksins til lögreglunnar. Það er því mjög mikilvægt að hver og einn lögregluþjónn gæti að því hvernig hann kemur fram og hvernig hann vinnur sína vinnu alltaf, alla daga, því hann getur haft mikil áhrif á upplifanir og jafnframt skoðanir fólks af lögreglunni í heild sinni (Albrecht, 2024).

Samfélagslöggæsla getur leitt margt gott af sér. Oft verður hún til þess að gott samband milli lögreglu og borgaranna myndist, hvetja ætti almenning til þess að verða virkir þátttakendur lögregluverndar í stað óvirka neytenda og hjálpa við að standa vörð um almannaöryggi (Bayley og Shearing, 1996). Ef gott samband er til staðar á milli þessara tveggja aðila getur það aukið upplýsingaflæði á milli þeirra til muna. Þegar gott samband er á milli lögreglunnar og borgaranna eiga borgarar auðveldara með að treysta henni og eru líklegri til að leita til hennar með vandamál sín, það getur aukið tilkynningum á glæpum til lögreglu og aukið öryggisfinningu borgaranna. Upplýsingarnar gætu orðið til þess að lögreglan geti verið betur í stakk búin til að koma í veg fyrir glæpi með því að nýta þær upplýsingar sem hún fær frá borgurunum (Diaz, 2019; Kelling og Moore, 1988).

### ***Saga samfélagslöggunar á Íslandi***

Skilgreining á orðinu forvarnir er: Aðgerðir til þess að koma í veg fyrir eitthvað óæskilegt, t.d. að fólk verði alvarlega veikt eða að unglingar byrji að reykja eða neyta fíkniefna eða áfengis. Þær miða að því að beita viðeigandi aðgerðum til að greina frávik svo beita megi fyrir en seinna aðgerðum og hindra það sem mætti kalla óæskilegt í samfélaginu (Árnastofnun, e.d.).

Hægt er að segja að með samfélagslöggæslu eru lögreglumenn að vinna einskonar forvarnavinnu með fræðslu sinni. Upphaf hugmyndafræði samfélagslöggæslunnar á Íslandi átti sér stað með stofnun kvenlögreglu árið 1953. Kvenlögreglan var deild sem skipuð var af lögreglukvenmönnum og átti hún að sinna svokölluðum samfélagsvandamálum sem hafði ekki verið sinnt af lögreglunni. Mál sem féllu á þær tengdust barnayfirvöldum,



rannsóknarlögreglu og áfengisvarnarnefnd kvenna (Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, 1997).

Tekið var viðtal við tvær samfélagslöggu vegna skorts á heimildum um íslenska samfélagslögga. Annar lögreglumaðurinn sem rætt var við var einn af upphafsmönnum verkefnisins og hefur hann starfað sem lögreglumaður í nokkur ár og tekið þátt frá upphafi í samfélagslögguverkefninu héraðs. Hinn lögreglumaðurinn starfar sem almennur lögreglumaður og tekur einnig þátt í samfélagslögguverkefninu en ekki í fullu starfi líkt og hinn viðmælandinn. Til að dýpka skilning á hugtakinu samfélagslögga voru fjöldi fræðigreina skoðaðar með tilliti til afraksturs slíkrar vinnu, framkvæmdar og sögu.

Niðurstöður úr viðtölunum spegla að vissu leyti niðurstöður erlendra rannsókna á samfélagslögga. Þar sem hægt er að sjá mestu tenginguna á milli er það hvernig þessi löggæsluáferð byggir upp traust og tengsl á milli samfélagsins og lögreglunnar ásamt því að gera lögregluna aðgengilegri fyrir ungmenni.

Verkefnið Samfélagslöggu var sett af stað árið 2019. Verkefnið vatt upp á sig út frá frumkvæðisverkefnum tengdum skólum, félagsmiðstöðvum og börnum á lögreglustöðinni í Kópavogi. Samfélagslöggu var í raun bara íslensk þýðing á community policing. Forsprakkar verkefnisins höfðu áhuga og voru duglegir að gefa af sér til nærsamfélags síns, áður en hugtakið samfélagslöggu varð þekkt eins og það er í dag hér á Íslandi. Þeir sögðust vera þreyttir á að vinna löggæslustarf líkt og einhverja færibandavinnu, það er að segja málin voru mörg og engin ágóði var í raun af starfinu. Þeir upplifðu að þeir voru ekki að ná að tengjast neinum einstaklingum og fannst þeim það ekki vera í samræmi við það starf sem þeim langaði að vera að sinna.

Áhugi viðmælanda var mikill á því að gefa af sér og kynna fólk og þá sérstaklega í hverfum sem eru næst lögreglustöðinni þeirra. Þeir urðu oft vitni af því að krakkarnir voru frekar að hlaupa í burtu frá lögreglumönnum í staðinn fyrir að koma til þeirra og upplifðu viðmælendurnir þetta sem mjög skrítið ástand. Það var í eitt skipti sem þeir hefðu svarað útkalli í grunnskóla og svo þegar því var lokið og er þeir gengu aftur að lögreglubifreiðinni þá hafði veriðúið að hrækja á allan bílinn, hella gosi yfir hann og sprengja rakettur á bifreiðinni. Sá þeir þá þörfina á annars konar nálgun og í raun bara einhverri nálgun þegar kæmi að börnunum.

Verkefnið byrjaði í rauninni frekar lítillaga þar sem þeir félagar fóru á kvöldvöktum þegar þeir voru að sinna almennri útkallsvinnu í skóla og í félagsmiðstöðvar. Þessi tími

snerist einungis um að eyða með krökkunum, mögulega kynnast þeim og gera eitthvað með þeim til dæmis tóku þeir körfuboltaleiki með þeim eða ping pong leik. Þeir vildu reyna tengjast fólkinu og krökkunum sem þeir voru sannarlega að reyna að þjónusta. Þar sem þeir voru á vaktinni kom það iðulega upp að þeir höfðu ekki tíma til þess að sinna þessu verkefni vegna anna á vaktinni og þurftu oft að hætta við að koma við í félagsmiðstöðvum.

Vegna mikilla anna á vöktunum og manneklu áttuðu þeir sig á því eftir nokkra mánaða vinnu á almennu vöktunum að þeir voru ekki að sinna þessu á eins góðan hátt og þeir hefðu viljað. Með aðstoð yfirstjórnar fengu þeir andrými til að sinna þessu skemmtilega verkefni aðeins betur. Þeim var úthlutað einn dag í viku þar sem þeir fengu tíma einungis til að sinna samfélagslöggæslunni og því næst fóru hjólin að snúast. Þeir stofnuðu Instagram síðu sem þeir setja inn allskonar efni og myndir af þeirra verkefnum og fóru að kalla sig Samfélagslöggur. Síðan 2008 hafði ekki verið neitt formlegt forvarnarstarf í gangi hjá lögreglunni en þá var það lagt niður vegna fjármagnsskorts. Lögreglustöðin á Vínlandsleið tók upp verkefnið 2022 og eru nú nokkrir lögreglumenn sem sinna samfélagslöggæslu á þeirri stöð en það er ekki í fullu starfi. Þeirra starf byrjaði einnig nokkuð svipað og hjá þeim í Kópavogi þar sem lögreglumenn voru að sinna þessum verkefnum í aukavinnu eða á dagvinnu. (Unnar Bjarnason, munnleg heimild, 22. Mars 2024)

### ***Hvað gera Samfélagslöggur***

Starf þeirra felst að mestu í að fara í skóla, leikskóla og framhaldsskóla. Þau hitta fullt af börnum sem þau eru bæði að fræða um lögreglustarfið ásamt því að verja tíma með þeim og spjalla um lífið og tilveruna og mynda þannig tengsl við þau. Einnig eru þau dugleg að fara á fundi með félagsþjónustu og skipuleggja með þeim. Samfélagslöggurnar tala um að það sé gríðarleg eftirspurn eftir starfinu sem þau sinna. Stuttu eftir að lögreglustöðin á Vínlandsleið byrjaði einnig að sinna samfélagslöggæslu og heimsækja skóla var eftirspurnin orðin mikil í þeirra hverfum á mjög stuttum tíma og flestir leikskólar og skólar í þeirra hverfi búnir að hafa samband við þau og biðja þau um að koma og kynna starfið. Vinnan þeirra spurðist hratt út á milli stofnanna og voru þau komin með biðlista áður en þau vissu af. Samfélagslöggur vinna ekki einungis með krökkum heldur halda þau einnig fræðslu fyrir foreldra og mæta á foreldrafundi ef þess er óskað, þau eru þó aðallega að hitta ungmenni og börn.

Lögreglumennirnir finna mjög sterkt að allar stofnanirnar s.s. leikskólar grunnskólar, og framhaldsskólar vilja eiga í góðu samstarfi við þau og finnst þeim það mjög jákvætt. Í heildina eru tíu lögreglumenn að sinna samfélagslöggæslu í Reykjavík í dag ásamt því að fá

stundum fleiri lögreglumenn til þess að koma í heimsóknir með þeim í skólana.

Lögreglumennirnir sem sinna þessu starfi leggja mikið upp úr því að gera það vel. Vegna þessa kemur það oft fyrir að þeir fari oftár í sama skólann og hitta þar færri nemendur í einu í fleiri skipti og skapa þannig meiri nánd, meiri tíma fyrir spurningarnar sem krakkarnir eru að spyrja og persónulegra spjall við þau.

Samfélagslöggan sem var annar viðmælandi í viðtalinu er einn af forsprökkum samfélagslöggurnar á Íslandi hefur í dag hitt alla nemendur í fyrsta bekk til 10. bekk í öllum skólum á hans varðsvæði sem er Breiðholt og Kópavogur. Starf hans er virkilega fjölbreytt eftir að hann fór alfarið að sinna þessu verkefni. Hann sinnir reglulegum fundum með skólastjórnendum, fundar með Kópavogsbæ og einnig með stjórnendum félagsmiðstöðva á hans varðsvæði. Hann vinnur með teymi sem heldur utan um unglínga sem sýna af sér áhættuhegðun ásamt því að fara stöku sinnum á Stuðla og heldur fræðslu fyrir krakkana ásamt því að reyna að byggja upp sambönd og spjalla.

### ***Uppsetning heimsóknanna í skólana***

Oftast vinna þau tvö og tvö saman og fá gjarnan nema eða aðra lögreglumenn sem ekki eru inn í verkefninu til að koma með sér og skapa þannig áhuga hjá fleiri lögreglumönnum. Samfélagslöggurnar reyna eftir fremsta megni að dreifa áhuga til fleiri lögreglumanna og vekja áhuga á þessu starfi innan lögreglunnar og hefur það tekist með ágætum þar sem þau eru sífellt að finna fyrir meiri og meiri áhuga hjá lögreglumönnum að fara upp í félagsmiðstöðvar og eyða tíma með krökkunum. Fyrst um sinn þá földu forsprakkar lögreglunnar áhuga sinn á samfélagslöggæslu og fannst þessi nálgun á löggæslu ekkert mjög „lögguleg“. Vegna þess að staðalímynd lögreglunnar er sú að lögreglumaður ætti meira að vera að fylgjast með fíkniefnum, brjóta niður hurðar, handtaka fullt af fólki og vera alltaf í einhverjum lögregluaðgerðum. En í dag hafa margir lögreglumenn, ekkert tengdir þessu verkefni komið upp að þeim og sýnt verkefninu mikinn áhuga og boðist til að taka þátt í fræðslu með þeim.

Samfélagslöggæsla út á landi er nokkuð svipuð en þar sinna sumar starfstöðvar einnig eldri borgurum. Lögreglumenn út á landi hafa til að mynda farið með kynningu um netöryggi upp á dvalarheimili við góðar viðtökur fólksins þar. Einnig eru þau ekki einungis að halda fræðslu fyrir börn og eldri borgara heldur hafa sum embætti farið í stofnanir með fræðslu um heimilisofbeldi og verklag lögreglunnar við því. En það er þó eftir fjölda íbúa á hverju varðsvæði fyrir sig og fjölda lögreglumanna hversu mikið er hægt að sinna þessari aðferð af löggæslu. Það eru því takmarkanir sem þarf að aðlagast og vinna að hverju sinni.

## ***Hvernig upplifa börnin samfélagslöggurnar***

Í upphafi verkefnisins þegar lögreglumennirnir fóru í skóla með kynningar var stærri hópur af krökkum í unglíngadeildinni sem létu sig hverfa heldur en þau sem urðu eftir til að hlusta á fræðsluna. Lögreglumennirnir fundu mikið fyrir neikvæðu viðhorfi gagnvart lögreglunni frá vissum hópum í sumum skólum en í dag eru það einungis örfáir einstaklingar en ekki hópar sem að sýna þetta viðhorf og áhugaleysi. Hafa þeir því fundið fyrir mikilli breytingu á viðhorfi krakkana yfir tímann sem þeir hafa verið að sinna verkefninu.

Viðhorf krakkana hefur breyst mikið en eins og í upphafi verkefnisins þegar lögreglumennirnir voru að byrja að mæta í skólana voru krakkarnir mjög óvanir nærveru lögreglunnar og upplifðu lögreglumennirnir frekar eins og krökkunum fannst óþægilegt að hafa þau. Í dag er viðhorfið breytt og taka krakkarnir þeim vel og nálgast lögreglumennina frekar af fyrrabragði og byrja að spjalla við þá og eru spennnt yfir þeim.

Áður en Samfélagslöggurnar mæta í skólana senda þau alltaf póst fyrirfram til að láta foreldra og kennara vita af komu þeirra. Lögreglumennirnir setja fræðsluna upp þannig að þau eru með tilbúið fræðslufni sem þau fara yfir í allskonar formi. Þau setja fræðsluna upp á allskonar hátt t.d. skyggusýningar, sýna myndbönd og myndir og svo eru þau einnig mikið að vinna með það að spjalla við krakkana og reyna þannig að skapa meiri tengsl við þau. Fræðslan er á sama tíma mikið á forsendum krakkanna og hvað þau vilja fræðast um.

Samfélagslöggurnar hafa ákveðið umræðuefni sem þau kynna alltaf fyrir vissa aldurshópa. Þau passa þannig upp á að allir krakkar á sama aldri fái sömu fræðslu og einnig gæta þau sig á því að kynna ekki sama efnið tvisvar fyrir sitthvorn aldurinn. Til að mynda þá er almenn umræða um lögreglustarfið, hvað lögreglan gerir og sýning á búningnum, vestinu og tækjabelti fyrir yngsta stigið í unglíngadeildinni. Í eldri stigunum tala þau um t.d. um slagsmálamyndskeið, vopnaburð, stafrænt ofbeldi og fíkniefni svo eitthvað sé nefnt. Einnig eru kennarar duglegir að gefa þeim atriði sem þeir hafa heyrt um að krakkarnir eru að fíka með og gæti verið sniðugt að tala um, líkt og ef mikið er um búðarhnúpl, áfengisdrykkju eða notkun fíkniefna sem vitað er af. Í framhaldsskólum er mikið rætt um starfið, launin, vinnuna sem slíka og lögregluskólann.

Eftir þeirra kynningu leggja þau mikla áherslu á að ná á dýptina með krökkunum og reyna að skapa þægilegt andrúmsloft, sýna mannlegu hliðina á lögreglunni og leyfa síðan krökkunum að taka svólítið yfir samræðurnar, oftast koma upp spurningar sem svo skapast umræður í kringum. Lögreglumönnum finnst krakkarnir vera að spyrja spurninga og

verða oftast samræður um þær spurningar. Spurningarnar eru mjög fjölbreyttar og einnig koma í bland eins konar reynsluspurningar. Þau finna mikinn áhuga hjá krökkunum á öllum stigum og í öllum skólum hvort sem það er leikskóli, grunnskóli eða framhaldsskóli, það er alltaf meira af krökkum sem sýna þeim áhuga heldur en þeim sem gera það ekki.

Þrátt fyrir áhugann eru alltaf einhverjir einstaklingar sem hafa engan áhuga á að tala við lögreglumennina og átta þau sig nokkuð fljótlega á því hverjir það eru. Oftast reyna þau því að nálgast þá einstaklinga og hefja samræður við þá. Ef þau ná þessum einstaklingum til samræðna kemur oft í ljós hvað það var sem olli neikvæðu viðhorfi gagnvart lögreglumönnum. Oftast er viðhorf þeirra neikvætt gagnvart lögreglunni vegna reynslu þeirra af afskiptum hennar. Oft hafa þessir einstaklingar upplifað lögreglu á neikvæðan hátt og sýna þau þess vegna oft mótþróa í tjáskiptum við lögreglu eftir þannig samskipti. Þá einstaklinga vilja þau helst ræða við og þegar þau hefja samræður við þau ræða þau oft en ekki það atvik. Það getur verið mjög gott fyrir bæði einstaklinginn og lögregluna að fá að ræða og kryfja í rólegu umhverfi neikvæð afskipti. Það verður oft til þess að krakkarnir ganga sáttari út eftir að hafa rætt málin og þar með hafa báðir aðilar í raun unnið. Viðhorfi krakkana gæti verið snúið í aðra átt með slíkum samskiptum við lögreglumennina í rólegu umhverfi.

Aðspurð hvort þau finni einhvern mun á stelpum og stráku finnst þeim aðallega vera munur á spurningum kynjanna. Stelpur eru oft að velta fyrir sér hvort löglegt og leyfilegt sé að taka myndir af þeim án þeirra samþykki eða án vitundar þeirra og oft eru það spurningar tengdar persónuvernd hjá þeim. Strákar eru meira að velta fyrir sér skotvopnum og vopnaburði lögreglunnar og kemur það lögreglumönnum alltaf á óvart að krakkar viti ekki að lögreglan á Íslandi beri ekki vopn í daglegu starfi heldur einungis þegar útköll krefjast þess. Lögreglumenn taka mikið eftir því þegar þau spjalla við krakkana hvað samfélagsmiðlar, fjölmiðlar og allskonar grassrótahreyfingar á borð við Black lives matter og metoo bylting sem krakkar fá í gegnum netið smita mikið ásýnd krakkana á lögreglunni hérlendis. Það lýsir sér oftast í spurningum þeirra og viðhorfi gagnvart vissum álitaefnum.

Þegar samfélagslöggurnar nálgast krakka sem eru af erlendu bergi brotin finna þau mun á þeim og börnum sem eru íslensk. Oftar en ekki eru þau sem eru aðflutt spenntari fyrir lögreglunni og vilja fá að hitta þau. En einnig hafa þau hitt hópa sem eru hrædd við lögregluna og þurfa þau því að fara varlega að þeim og oftast láta þau kennara skólans börnin vita að lögreglan sé að koma í heimsókn og undirbúa þau þannig fyrir fram. Þau hafa aldrei lent í einhverjum leiðinlegum atvikum með erlend börn vegna hræðslu við lögreglu eða eitthvað slíkt en þau telja það vera vegna góðs undirbúnings. Þau sýna börnum sem eru frá

öðrum löndum mikinn skilning og reyna eftir fremsta megni að gera kynningarnar þannig að þau skilji þær líka og einnig í sumum tilvikum þegar börnin skilja ekki íslensku þá fara þau yfir með þeim seinna aftur svo þau fái líka kynningu á lögreglunni.

Út frá kynningunum og spjalli við krakkana hefur lögreglan fengið mál á borð til sín allt frá kynferðisbroti að vanrækslu á barni. Það er ekki algengt að þau fái slík mál til sín eftir kynningar en það gerist vissulega og undirstrikar það hversu mikilvægt þetta verkefni er á margan hátt. Þar sem það skapar vettvang fyrir börn þar sem þau geta rætt við lögregluna um það sem á þeim brennur. Einnig fá samfélagslöggunar kennara eða skólastjóra í lið við sig ef upp koma einhver mál sem þeim langar til að láta kennara vita af. Einnig fara lögreglumenn með upplýsingar til kennara ef þeim finnst að eitthvað ætti að vera skoðað betur og oft hefst þannig samstarf milli þessara tveggja stofnanna. Oft þarf þriðja aðila eða forráðamann til að vera með í slíku máli svo hægt sé að gera eitthvað.

### ***Skólarnir og stofnanirnar***

Eins og nefnt var áðan situr samfélagslögga fundi með skólastjórnendum og fær þar upplýsingar um ýmislegt sem er í gangi innan veggja skólanna t.a.m. ef einhver atvik koma þar upp eða einhver mál sem skólastjórnendur vilja fá að ræða eða láta vita af og getur þá lögreglumaðurinn leiðbeint kennurum og stjórnendum hvað þau geta gert í atvikum sem geta komið upp. Upplýsingar sem slíkar geta verið mjög gagnlegar og mikilvægar fyrir lögreglumenn að vita af. Þetta getur orðið til þess að lögreglan breytir um taktík eða áhersluatriði í eftirlitsferðum sínum sem kemur á móts við þörfum samfélagsins og jafnvel krakkana í samfélaginu.

Einnig hafa þau verið að hitta foreldra á einskonar foreldrafundum en það er ekki reglulega. Allir þeir fundir hafa verið vel mættir og sýna foreldrar verkefninu mikinn áhuga og eru almennt ánægðir með frumkvæðið sem lögreglumennirnir eru að sýna. Helstu umræðuefni sem eru þar á dagskrá er almenn umræða um stafrænt ofbeldi, svokallaðar lýðheilsuspurningar um áfengi, fíkniefni og hverjar verklagsreglur lögreglunnar eru í sambandi við ungt fólk og þau efni. Einnig er mikið rætt um útivistartíma barnanna.

Það sem samfélagslöggunum fannst áhugavert var að sjá og heyra hvað skólar og foreldrar eru hikandi við að hringja í lögreglu og biðja um aðstoð. Skólar eru mikið að sjá um og leysa sín mál innanhúss en mörg þessara mála hefði verið gott að tilkynna til lögreglu og fá aðstoð hennar vegna hvers eðlis þau eru. Bæði svo hægt væri að bóka málin og fá þær upplýsingar um einstaklinga og vegna þess að kennarar og stjórnendur eiga í raun ekki að

þurfa að sjá um slík mál án aðstoðar. Með því að tilkynna slík atvik til lögreglunnar er meiri líkur á að lögreglan geti fengið utanaðkomandi aðstoð fleiri stofnanna í lið með sér líkt og barnavernd eða félagsþjónustu. Einnig getur viðhorf barnsins og foreldranna breyst gagnvart vandamálinu þegar lögreglan er komin á vettvang og getur það sýnt fram á alvarleika málsins eða atviksins. Lögreglumenn hafa einnig upplifað í slíkum málum að ekki sé nægilega mikil né góð samvinna á milli skólanna og foreldranna en með nærveru lögreglunnar á andrúmsloftið og samskiptin það til að breytast og hlutirnir eru ræddir oft á aðra vegu.

### ***Tilgangurinn með Samfélagslöggunum***

Samfélagslöggurnar finna fyrir breytingum á viðhorfi ungmenna eftir að verkefnið byrjaði á fullu. Þau hafa ekki upplifað neikvæða reynslu vegna verkefnisins eða hefur sú staðreynd að krakkarnir þekki til þeirra þegar þau hafa verið að sinna almennri löggæslu verið eitthvað vandamál. Hins vegar hafa lögreglumennirnir oft verið í eftirliti og verið stöðvuð af krökkum sem kannast við þau og vilja heilsa þeim og spjalla. Það er mjög dýrmætt að mati þeirra og vita þau þá að þau eru að gera eitthvað rétt og að markmið verkefnisins er náð. Í verkefnum sem þau hafa þurft að sinna hafa þau upplifað meiri aðstoð og samvinnu einstaklinga sem þekkja til þeirra heldur en ef þau hefðu búist við eða ef þau hefðu ekki þekkt þau. Einnig hafa lögreglumennirnir stöku sinnum verið stöðvaðir af krökkum og þeim heilsað á frídögum sínum þegar þau eru á fjölförnum og opinberum stöðum. Lögreglumenn eru sannfærðir um að verkefnið geri lögreglumenn almennt mannlegri, aðgengilegri og minna ógnandi gagnvart fólki og sérstaklega krökkum.

Aðspurð hvað samfélagslöggurnar vildu fá út úr þessu starfi kvaðst annar lögreglumaðurinn hafa verið að vinna út á landi við löggæslustörf. Hann kvaðst hafa tekið eftir því hvað krakkarnir vissu í raun ekkert um starf lögreglunnar og þau voru mikið að færa þær staðalímyndir sem þau sáu á netinu yfir á íslenska lögregluþjóna. Þær hugmyndir voru augljóslega frá fjölmiðlaumfjöllun um lögregluna í Bandaríkjunum og á þeim tíma sem Black lives matter byltingin var í hámarki. Það var á þeim tímamarki sem hann áttaði sig á því að honum langaði að kynna starf íslensku lögreglunnar og sýna krökkunum hversu frábrugðin hún er öðrum lögregluliðum út í heimi. Einnig tók hann eftir því hvað krakkar vissu í raun lítið um löggæsluna á Íslandi og héldu oft til að mynda að fyrir minnsta skammastrik myndu þau fara í fangelsi. Önnur samfélagslöggan talaði mikið um hvað honum langaði í raun að kynnast fólkinu sem var á hans varðsvæði og í raun bara gefa af sér til nærsamfélagsins. Hann sá fram á að það væri einungis til betrunar ef hann þekkti fólkið og myndaði tengsl við það, ef þau tengsl væru myndi fólk og krakkar frekar koma til hans og tilkynna ef eitthvað

kæmi upp á hjá þeim. Einnig leit hann svo á að það myndi getað auðveldað vinnu þeirra því ef fólk treystir og þekkir til lögreglunnar þá myndu þau frekar aðstoða lögregluna eða vera samvinnufúsari.

### ***Umræða um internetið og úhrif þess á viðhorf krakkanna***

Samfélagslöggurnar lenda ekki eins oft í því og búist væri við að þurfa að svara fyrir myndbönd sem krakkarnir sjá á netinu af lögreglumönnum sinna starfi sínu. Þó svo að það komi fyrir, þá er þeirra upplifun sú að krakkarnir eru opnir fyrir að ræða um hlutina og þau eru móttækileg fyrir þeirra útskýringum. Samfélagslöggunum finnst mjög gott að umræður um slík myndbönd komi upp svo þau geti rætt þetta við krakkana og að umræður skapist um þetta efni.

### ***Sérverkefni***

Út frá þessu forvarnarstarfi hafa Samfélagslöggurnar einnig fengið sérverkefni sem tengist hóp af börnum og unglingum sem hafa sýnt af sér mikla áhættuhegðun. Það verkefni hefði aldrei komið til án Samfélagslögguverkefnisins og tengsla sem þau hafa myndað með því. Áherslan í því verkefni er sú sama en þó markvissari því þarna eru þau að vinna með hóp af börnum í forvarnarskygni til að reyna að leiða þau frá áhættuhegðun. Þessir einstaklingar eru oft búnir að vera í neyslu og afbrotum. Þau hafa oftast ekki mikinn áhuga að ræða við lögreglumenn en einungis með því að eyða tíma með þeim, spila og borða með þeim eru þau að byggja upp samband og í langflestum tilfellum byrja krakkarnir að opna sig fyrir þeim. Þarna eru samfélagslöggurnar að sinna hóp af krökkum sem þurfa mikið á góðum samskiptum við lögregluna að halda, mögulega meira en aðrir hópar. Þau samskipti sem lögreglan á við þessa hópa er óformlegra inngríp en sú fræðsla sem á sér stað í skólunum. Í þessu verkefni eru þau aðallega að einbeita sér að því að tengjast einstaklingunum, mynda traust þeirra á milli og leyfa þeim að kynnast lögreglunni, sýna þeim fram á að þau geti treyst henni og svo kemur alltaf fræðsla með á óhefðbundin hátt.

Verkefnið Samfélagslöggur hefur opnað margar gáttir og tækifæri fyrir lögregluna til að sinna sínu starfi enn betur. Forvarnarhlutverk lögreglunnar er ekkert minna mikilvægara heldur en að sinna útkallsvinnu eða öðrum verkefnum sem lögreglan hefur á sinni könnu. Eins og fram hefur komið hafa forsprakkar verkefnisins fundið fyrir miklum breytingum þegar kemur að viðhorfi og upplifun ungra einstaklinga af lögreglunni. Framtíðarsýn þeirra er að fá fleiri lögreglumenn áhugasama um þetta tiltekna verkefni og koma því áfram á fleiri lögreglustöðvar og það hefur gengið mjög vel hingað til.



## **Eigindleg viðtöl við lögreglumenn**

### ***Aðferðarfræði***

Í þessum kafla verður greint frá aðferðarfræði viðtalanna sem framkvæmd voru, gert verður grein fyrir þátttakendum, greiningu og takmörkunum rannsakanda. Markmið viðtalanna var að kanna hvernig upplifanir lögreglumenn hafa af því að hafa afskipti af ungmennum og börnum. Vegna skorts á skriflegum heimildum á slíku efni ákvað rannsakandi að leita eftir upprunalegum heimildum.

Við gerð þessarar rannsóknar var notast við eigindlega aðferðarfræði, en sú aðferð er afar hentug þegar leitast er eftir að ná dýpt í umfjöllun um viðfangsefnið. Oft er viðfangsefni skoðað út frá ólíkum sjónarhornum í slíkum rannsóknum (Helga Jónsdóttir, 2021). Tekin voru viðtöl við tvo lögreglumenn. Markmiðið var að taka viðtöl við lögreglumenn sem hafa mislanga starfsreynslu og starfsaldur til að fá fram ólík viðhorf. Annar þeirra hefur starfað í tæp tuttugu ár við löggæslu og hinn lögreglumaðurinn hefur starfað í tæp sex ár. Báðir viðmælendur voru karlkyns, menntaðir lögreglumenn og á aldursbilinu 30-40 ára. Þeir áttu það sameiginlegt að hafa starfað út á landi í mislangan tíma og einnig á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru því valdir með tilgangsrúrtaki (e. Purposive sampling), þar sem reynsla þeirra úr starfi er veigamikil til að svara rannsóknarspurningunni og veita innsýn í þeirra upplifun af afskiptum við ungt fólk. Rannsakandi lagði áherslu á að athuga hvort að upplifanir þeirra væru mismunandi eftir aldri, starfsreynslu og staðsetningu þeirra í starfi (Berndt, 2020).

### ***Framkvæmd viðtalanna***

Viðtölin voru sett þannig upp að viðtalsvísar voru gerðir sem innihéldu nákvæmlega sömu spurningar en gerðar voru auka samanburðarspurningar fyrir lögreglumanninn sem var með lengri reynslu. Rannsakandi vildi athuga hvort munur væri á afskiptum lögreglumannsins við ungmenni núna og frá því hann hóf störf. Viðtalsvísirinn innihélt opnar spurningar til að hvetja viðmælendur að svara í lengri svörum (David & Sutton, 2011).

Viðtölin voru framkvæmd á netheimum því rannsakanda var ekki unnt að hitta á viðmælendur augliti til auglitis. Þó svo að viðmælendur voru einungis tveir er þó hægt að draga fram þeirra sýn á afskiptum af ungmennum og upplifanir þeirra á þeim. Með því mögulega varpað einhverri mynd af hegðun og viðhorfi ungmenna gagnvart lögreglunni hér á Íslandi. Hins vegar verður ekki fullyrt að upplifun og reynsla viðmælenda endurvarpi viðhorf allra lögreglumanna.

Í upphafi var viðmælendum kynnt að gætt væri að persónuvernd þeirra í rannsókninni og nafn þeirra myndi aldrei koma fram. Viðtölin voru tekin upp á tvo farsíma í hljóðupptöku til að tryggja að gögn myndu ekki spillast, upptökurnar voru allt frá 62-98 mínútna löng og svo voru þau endurrituð af rannsakanda. Báðir viðmælendur veittu heimild til upptöku áður en viðtölin hófust. Viðmælendur voru síðan spurðir spurninganna á listanum og var þeim leyft að tjá sig frjálst eftir sinni upplifun og reynslu. Til þess að gæta trúnaðar fengu viðmælendur dulnefnin, og eru dulnefnin Gissur og Morri.

Rannsakandi hlustaði oft og mikið á upptökurnar í þeim tilgangi að greina mikilvægar upplýsingar í viðtölunum, þær upplýsingar voru síðan þemagreindar. Þemagreining var notuð til þess að kanna hvaða reynslu, þekkingu og skoðanir höfðu á viðfangsefninu (Taylor o.fl., 2015)

Hér á eftir verður gerð samantekt úr svörum þeirra og gerður verður samanburður á svörum viðmælanda. Rannsakandi er starfandi lögreglumaður og var meðvitaður um að mögulega hefði hann sterkar skoðanir á mörgu tengdu viðfangsefninu. Hann reyndi eftir bestu getu að gæta hlutleysis og gæta þess að láta eigin viðhorf ekki hafa áhrif á niðurstöðu og túlkun rannsóknarinnar.

### ***Niðurstöður***

Í þessum kafla verður farið yfir niðurstöður úr greiningu viðtalanna. Eins og fram hefur komið er tilgangur rannsóknarinnar að skoða upplifun lögreglumanna af afskiptum þeirra af ungmennum. Við greiningu á viðtölum voru eftirfarandi þemu dregin fram: virðing, traust, samskipti, börn í vanda, ofl. Niðurstöðukaflanum er skipt niður í ofangreind þemu til að svara rannsóknarspurningunni.

### ***Upplifun lögreglumannanna af afskiptum þeirra við ungmenni***

Aðspurðir hvernig þeir upplifðu afskipti af ungmennum svaraði Gissur:

*[...]Hún er bara svo rosalega breytileg, þú veist, maður hefur afskipti af krökkum sem hafa ákveðna aðdáun af lögreglunni og svona eru mörg hver, svona margir krakkar vilja vera löggur í framtíðinni og þá mætir maður oft einhverri aðdáun en síðan hefur maður líka mætt ofsahræðslu við lögregluna þar sem krakkar eru bara mjög skrítnir í samskiptum þar sem að eitthvað veldur því að þau eru bara skítlogandi hrædd við lögregluna.*

Gissur kvaðst í stök skipti finna fyrir því að börn séu hrædd við lögregluna. Morri kvaðst upplifa mikla forvitni frá ungmennum um starfið.

*Morri:[...]Þetta er svona þínu erfitt kannski að taka það saman í orðum. Ég meina, þú veist, gagnvart stærstum hluta þeirra ungmenna sem að við eigum í einhverju svona samskiptum við myndi ég segja svona forvitni sé kannski bara svona það sem að lýsir því best, kannski svona forvitni um lögguna kannski svona, eitthvað svona merkilegt dálítið svona, ekkert endilega kúl en bara svona dálítið spennandi dæmi bara á jákvæðan og neikvæðan hátt.*

Viðmælendur upplifðu báðir að oftast nær þegar lögreglan væri að hafa afskipti af ungmennum, ef ekki væri útköll eða verkefni á ungmenni. Þá upplifðu þeir meirihluta afskipta af ungmennum á jákvæðan hátt og að ungmenni og börn væru með jákvætt viðhorf gagnvart lögreglunni.

Aðspurðir hvernig þeir upplifðu ungmenni bregðast við afskiptum lögreglunnar svaraði

*Morri:[...]Já ég myndi segja að það sé miklu algengari en hitt sko (meinar að jákvætt viðhorf er miklu algengari). Það er svona eitthvað, maður sér svona oftast en ekki þá meiri svona, einhver svona spenna, það er einhver forvitni það svona, hlakkar eitthvað í þeim sko“.*

Gissur hafði svipaða skoðun og Morri á upplifun á því hvernig ungmenni tækju afskiptum lögreglu. Báðir voru þeir sammála um að í miklum meirihluta tilfella þegar lögreglan væri að hafa afskipti og þarf að spjalla við börn og ungmenni þá fundu þeir fyrir jákvæðu viðhorfi og hegðun gagnvart þeim. Eins og við er að búast nefndu þeir báðir að þeir fyndu fyrir mismiklum áhuga barna á lögreglunni. Gissur svarar sömu spurningu svona:

*[...]Jú langflestum tilvikum þá eru þau bara jákvæð en náttúrulega klárlega fer það bara eftir viðmótinu og hvers eðlis málið er sem þú ert að fara í. Þegar maður fer inn í heimilisofbeldismál þá upplifir maður sjaldan neikvæð viðbrögð ef eitthvað er þá jákvæð. Það er náttúrulega erfiðar aðstæður þar sem þú ert að reyna að veita barninu, eða jafnvel unglingnum, þú ert að reyna að veita því einhverja hlýju og einhverja aðstoð í gegnum bara nýafstaðið ömurlega lífsreynslu og þá, þá yfirleitt er þetta bara mjög jákvætt bara í langflestum tilvikum. En þegar maður á eitthvað neikvæð inngríp inn í líf barnsins eins og að grípa það fyrir eitthvað brot þá getur það náttúrulega verið alveg öfugt sko.*

Báðir viðmælendurnir minntust á að oftast þegar lögreglan sinnir útkalli á við heimilisofbeldi fá þeir oftast jákvæða framkomu frá ungmennum sem eru í þeim aðstæðum. Báðir ræddu þeir einnig um atvik þar sem barn opnaði sig fyrir lögreglunni er þeir voru á vettvangi heimilisofbeldis. Mögulega má túlka svo að börn í svo erfiðum aðstæðum treysti sér til að tala við lögregluna þegar þau þurfa á aðstoð að halda og treysta lögreglunni þegar á reynir. Þegar svör þeirra beggja eru skoðuð kom í ljós að þeir báðir upplifa að ungmenni eru spennt fyrir starfinu og hafi einhverskonar aðdáun fyrir lögreglunni og starfinu sem hún sinnir.

## **Virðing**

Þegar spurt var út í virðingu og hvort viðmælendur fyndi fyrir að ungmenni bæri virðingu fyrir lögreglumönnum og hennar störfum voru svör þeirra keimlík. Gissur svarar:

*[...] Já ég myndi segja flestir eins og ég segi það greypir mest í minnið neikvæðu atvikin en mér finnst það vera einangrað við, mér finnst það einangrast við krakka sem eru í brotahegðun og við þurfum að hafa neikvætt innngrip inn í. En krakkar sem við höfum jákvætt innngrip í eða hlutlaust, það er yfirleitt bara jákvætt viðhorf eða svona næst hlutlaust“.*

Þetta svar rímar heilmikið við svar Morra sem svarar á þennan hátt:

*[...]Já, já ég myndi segja þú veist að, svona almennt beri ungt fólk virðingu fyrir löggunni sko, ekki þannig virðingu eins og óttablandaða virðingu eitthvað þannig svona einhvern veginn, hlýða öllu sem löggan segir, þetta er svona, þetta er meira svona respecta þetta hlutverk og það sé svona eitthvað kúl við að vera lögga og svona eitthvað, eitthvað svona spennandi að vera lögga og hérna, síðan náttúrulega eru, eru ungmenni eins og ég talaði um áðan svolítið svona sem eru, sem eru þá oftast bara beinlínis viðfangsefni lögreglu, þú veist með einhverjum hætti. Búin að vera á einhverjum stað í kerfinu og eru í afbrotum í einhverjum skilningi. Frávíkshögðun þau... Stundum bara sýna lögreglunni mikla vanvirðingu. Og eða bara enga virðingu fyrir þeirra störfum og bara... ég geri ráð fyrir því að bæði þau hafa bara slæma reynslu af löggunni“.*

Einnig bætti hann við svo seinna:

*[...] Já, já eru bara svona, ég myndi segja það sko, en, en þú veist, ég myndi segja krakkar, ungmenni og ungt fólk sem að á í litlum beinum samskiptum við lögregluna og eru ekki, eru ekki eða mjög sjaldan viðfangsefni lögreglunnar. Ég myndi segja að almennt, sýni þau lögreglunni virðingu sko.*

Báðir viðmælendurnir nefndu oft að þeir finni mun á því að þurfa að hafa afskipti af ungmennum sem eru í afbrotum, fíkniefnaneyslu eða eru í einhverri frávíkshögðun sem krefst athygli lögreglu heldur en ungmennum sem eru það ekki. Þeir upplifa að erfiðara sé að ná til þeirra ungmenna, hafa samskipti við þau og fá þau til að fylgja fyrirmælum. Frávíkshögðun sem þessi ungmenni eru í, valda því að lögregla þarf að hafa oftast afskipti af þeim heldur en þeim ungmennum sem eru það ekki. Þetta rímar vel við það sem Hurst og Frank (2000) nefna í grein sinni um hvað getur átt þátt í að móta neikvætt viðhorf hjá ungmennum gagnvart lögreglu. Það getur myndast þegar lögreglan hefur afskipti af börnum þar sem börn eru viðfangsefni rannsóknar, vitni eða sakborningar eða þegar það gerist ítrekað.

## **Traust**

Rannsakandi spurði viðmælendur hvort að þeir myndu almennt fyrir því að ungmenni treystu þeim og voru þeir nokkuð sammála.

*Gissur: [...]Já traust til lögreglunnar sem stofnun, það er líka bara flúktandi eftir því sem að hérna eins og ég var að tala um þegar það kemur einhver svona neikvæð umfjöllun þá, hrynur það svona tímabundið síðan yfirleitt kemur það aftur og aftur ef við tölum um grýlvæðinguna skiluru, að hérna, þú veist, þeir krakkar sem upplifa okkur sem grýlu þá nei vitaskuld bera þau ekki traust til okkar en þeir krakkar sem upplifa okkur sem einhverskonar átrúnaðargoð út af því þeim langar til að verða lögregluþjónar sjálfir eða, eða eiga einhvern uppáhalds lögreglumann í sjónvarpi eða hvað það er að þau bera traust til okkar. Mér finnst bara allur gangur á því“.*

Svar Morra við sömu spurningu:

*[...]Ég veit ekki alveg, hvernig skilgreinirðu traust, bara þú veist, ungt fólk myndi held ég almennt hringja í lögguna og óska aðstoðar. Þú veist ef það er búið að stela hjólinu þeirra ef það var ráðist á þau eða þú veist eða .... ef þau sjá einhvern svona „creepy“ kall einhvers staðar eða eitthvað. Þau myndu hringja og óska aðstoðar, þau svona átta sig á því hvert hlutverkið er.*

Svo bætir hann við seinna í svari sínu:

*[...]Gagnvart þeim sem eru svona með þessi neikvæðari viðhorf þá svona einhvern veginn. Það er svona lítið traust og svona, og svona vilja ekkert, svona dálítið opna sig fyrir manni, á meðan maður væri svo til í að, eins og gagnvart sumum, þá væri ég svo til í að geta bara svona sest niður og rætt hlutina en það er bara, stonewall, löggan,” ég er ekkert að fara að eiga við þig neitt spjall um það hvað mér raunverulega finnst eða hvernig mér líður eða hvað ég er að hugsa ”.*

Viðmælendur svöruðu með þeim hætti að þeir töldu ungmenni treysta lögreglu ef þau til að mynda kalla eftir aðstoð hennar ef eitthvað kæmi upp á. Einnig nefndu báðir viðmælendur það að til geta aðstoðað ungmenni í vanda þyrfti það að treysta þeim og opna sig fyrir þeim og treysta þeim þannig fyrir vandamálum sínum. Leggja traust sitt á það að þeir sem lögregluþjónar gætu aðstoðað þau. Rauði þráðurinn í svörum þeirra var að ungmenni sem höfðu ekki verið viðfangsefni lögreglu, partur af rannsókn lögreglu eða nutu réttarstöðu sakbornings eða vitnis voru mikið líklegri til að treysta þeim og opnuðu sig frekar fyrir lögreglunni. Ungmenni sem höfðu hins vegar reynslu af afskiptum lögreglu væru hins vegar ekki svo gjörn á að sýna viðmælendum að þau treystu þeim. Rannsakandi dregur þá ályktun út frá svörum þeirra að þeir upplifa að meirihluti ungmenna treysta þeim og myndu til að mynda hringja í lögregluna ef þess

gerðist þörf. Þeir ræða marga hluti sem geta haft áhrif á traust ungmenna til lögreglunnar en eitt dæmi um það er grýluvæðing lögreglunnar. Þegar foreldrar grýluvæða lögreglu og telja ungmennum trú um að lögreglan komi og taki þau ef þau hlýða ekki foreldrum sínum og einnig nefnir Gissur hvaða áhrif sjónvarpsefni getur haft. En það er t.a.m. ef barn lítur upp til lögreglumanns eða lögreglu í sjónvarpsefni getur hann yfirfært þær tilfinningar yfir á lögregluna í raunveruleikanum.

### **Viðhorf ungmenna og foreldra**

Viðmælendur voru spurðir út í hvort þeir gerðu sér grein fyrir hvernig slæmt viðhorf gagnvart lögreglunni myndaðist og hvort þeir tækju eftir einhverju samræmi með skoðunum ungmenna og foreldrum þeirra.

Gissur fann fyrir miklu samræmi á milli skoðana og viðhorfi barna og foreldra þeirra og nefndi það af fyrri bragði áður en rannsakandi gat spurt hann út í það.

*[...] þetta er bara mín upplifun að það sé fylgni milli því að börn eða foreldrar.. eða hvað á maður að segja.... að foreldrarnir þekki vel afskipti lögreglu. [...] Já ég meina það liggur í hlutarins eðli fylgni milli þessara tveggja hluta, börn t.a.m. éta upp pólitískar skoðanir mikið frá foreldrum sínum.*

Gissur nefnir einnig:

*[...] jújú alla jafna hérna fáum við bara mjög jákvætt viðhorf nema frá foreldrum sem eru, eru sjálf viðskiptavinir okkar og þá, þá erum við sakaðir um einelti eða rasisma eða hvað það er.*

Morri gat hins vegar ekki sagt með jafn mikilli vissu, en hann var vissulega sammála því að oft væru heilu fjölskyldurnar í höndum lögreglunnar, það er að segja að foreldri og börn þeirra væru viðskiptavinir lögreglu.

*Morri: [...]Þú veist, auðvitað hefur maður tekið eftir því að, að það er fylgni á milli, milli hvað á maður að segja svona, málaskrá sögu foreldra og barnanna þeirra, þú veist, það er alveg svona augljóslega og klárlega þannig að, að foreldrar sem að, eða já börn sem að komast upp á kant við kerfið, með einhverjum hætti eða lenda í vanda.. Öööhhh þau held ég eiga, svona eru líklegri til þess að eiga foreldri sem hafa gert það líka. Það er, maður sér það alveg í kerfinu. Maður sér það alveg þegar maður fer að tengja saman punkta.*

Morri bætti svo við:

*[...]Já maður hefur alveg séð að, að börn og ungmenni með svona neikvætt viðhorf gagnvart löggunni eiga stundum foreldra sem eru það líka en eins og ég segi ég bara ég veit ekki hvað af því er bara.. Vegna þess að þau deili einhvern*

*veginn erfðamengi eða þá bara út af uppeldisaðferðum og því umhverfi sem þau hafa skapað á heimilinu..*

Gissur ræddi um atvik sem var honum mjög minnisstætt í tengslum við umræðuna. Þar hafði hann haft afskipti af ungum einstaklingum, nokkrum í hóp og höfðu þeir áfengi um hönd. Þau voru ekki komin á aldur til þess að neyta áfengis og að afskiptunum loknum var ungmennunum ekið heim. Öll ungmennin höfðu verið mjög kurteis og sýnt lögreglu mikinn skilning á störfum þeirra. Þegar lögreglan var að skila síðasta ungmenninu heim til sín, vöktu þau foreldrana og voru þau mjög óánægð með afskipti lögreglunnar af barninu þrátt fyrir málsatvik. Gissur kvaðst hafa verið mjög hissa á viðbrögðum foreldranna þar sem ungmennið var mjög rólegt og kurteist.

*Gissur[ ...]Þú veist, það er eitt dæmi sem kemur rosa sterkt upp í hugann þá var ég hérna.... það var eiginlega dálítið áhugavert.*

Þar endurspeglaði viðhorf barnsins ekki viðhorf foreldranna og var upplifun hans á viðbrögðum foreldranna alveg á skjön við það sem venjulegt var fyrir honum.

*[...] Eins og ég segi, hún var bara eins og blómstrið eina, bara yndisleg en þá var viðmót foreldranna alveg galið. Það bara pabbinn fór bara á öskrið með okkur, með það að við ættum ekkert að vera að skipta okkur af barninu, konan gekk svo langt að segja að við hefðum traumtiserað barnið með að taka það höndum og fara með það heim. Og hérna við reyndum að útskýra fyrir þeim að þau hefðu verið með áfengi, og þá fór þetta strax út í þennan leik þú veist, var áfengi í bakpokanum hennar hún er ekki með neinn bakpoka og allt þetta.*

Þannig að vissulega er hægt að segja að það sé undantekning á reglunni um samræmi skoðana barna og foreldra en eins og þessi upplifun lögreglumannsins lýsir þá er hann vanur að svo sé ekki. Heldur sé það líkt og hann lýsir hér fyrir neðan.

*[...]Já akkúrat þess vegna er þetta svona brennt í minnið mitt út af því að þetta var svo skrítið sko og maður er svo rosalega vanur því að þegar maður tekur barn sem er mjög ókurteist og bregst mjög illa við okkur og síðan þú veist, síðan er það nákvæmlega sama að gerast á heimilinu.*

Í þessu samhengi er hægt að ræða um rannsókn sem framkvæmd var af CSEW árið 2010-2011 í Bandaríkjunum. Þar var skoðað áhrif foreldra á skoðanir ungmenna gagnvart ýmsum stofnunum og þar á meðal viðhorfi þeirra gagnvart lögreglunni. Líkt og kom fram fyrir í kaflanum hafa viðmælendurnir frekar langan starfsferil og er ekki óalgengt að lögreglumenn almennt séu að hafa afskipti af heilu fjölskyldunum, það er að segja að foreldrar ungmenna væru einnig viðskiptavinir lögreglu sem bæru neikvætt viðhorf til lögreglu. Báðir viðmælendurnir höfðu upplifað í gegnum afskipti af börnum að oft endurspeglu þeirra

skoðanir, skoðanir foreldra. Líkt og kemur fram í svari Gissurs þá fannst honum atvikið sem rétt var um fyrr í kaflanum mjög minnisstætt vegna þess að það var á skjön við það sem hann er vanur að upplifa. Hægt er því að segja upplifun Gissurs sé í samræmi það sem kom fram í rannsókn CSEW. Morri upplifði einnig samræmi á milli skoðana ungmenna og foreldra þeirra en hann taldi að það væri oftar hjá ungmönnum sem ættu erfitt á einhvern hátt, væri því mögulega oftar í höndum lögreglu og það sama ætti við foreldra þeirra.

### ***Áhrif símanotkunar og upplifun lögreglumanna á að vera sífellt í upptöku***

Aðspurðir sögðust viðmælendurnir ekki lengur kippa sér upp við aukna símanotkun þegar þeir væru að vinna vinnuna sína. En báðir sögðust þeir skilja fullkomlega að lögreglumönnum fyndist óþægilegt þegar þeir eru teknir upp sinna skyldustörfum sínum.

*Morri [...]Ég hef tekið eftir því að ungt fólk og unglingar eða svona unglingar þeir beita, þeir beita þessu sem verkfæri. Ef að, ef að það mætti næstum því tala um þetta sem vopn, þú veist það, við erum að tala um sextán, sautján ára í, í... einhverri frávikshegðun og ofbeldi, þú veist þau myndu.. það kannski kemur til þess að það þarf að handtaka kannski einn sautján ára úr fjögurra manna hópi, þú veist þá myndu hinir þrír eða einhver þeirra, það væru miklar líkur á því að einhver myndi taka upp símann og byrja að taka upp svona í þeim, í þeim tilgangi að koma löggunni úr jafnvægi eða, eða að afla gagna með einhverjum hætti og geta síðan dreift þessu í einhverjum tilgangi sko.*

Gissur svarar spurningunni á þennan hátt:

*[...]Mér hefur fundist þetta vera bara litrófið, vera svona tiltölulega eins en, hérna en,, eins og þetta með tilkomu snjallsímanna jújú bara um leið og það komu myndavélar á þessa síma þá byrjuðum við að fá þá upp í andlitið. Þá kom svona alveg nýtt dæmi sem að var að þá var byrjað að setja einhvern leikþátt til þess að reyna að mála okkur upp í neikvæðu ljósi.*

Morri ræddi notkun snjallsíma einnig í öðru ljósi þegar kemur að vinnu lögreglunnar. Þar sem að margir lögreglumenn vilja reyna að aðgreina sitt persónulega líf frá vinnu og getur það því verið óþægilegt ef myndir og myndbönd af þeim fer í dreifingu á netið.

*Morri:[...]Sko nú get ég bara talað um þetta út frá sjálfum mér, en ég get alveg ímyndað mér að sumum finnist þetta mjög óþægilegt sko, ég get alveg ímyndað mér að þetta... ææjji þú veist væntanlega...þessir unglingar gera þetta því þeir upplifa að þetta virkar einhvern veginn þú veist. Og hérna, ég get alveg ímyndað mér að ungu fólki hafi oft tekist að koma löggunni dálítið úr jafnvægi, með því að troða síma svona í andlitið á þeim og þá vera að taka þetta upp. Ég get alveg ímyndað mér það að komi sumum úr jafnvægi. Þú veist.. þannig að þetta snýst náttúrulega allt um hvernig þú situr í sjálfum þér og hvaða reynslu þú hefur og svona og svona og já bara svona vinnubrögðin sem þú hefur tamið þér sko. Eftir*



*Því sem þú ert reynsluminni og ert svona meira dálítið að reyna að halda þér úr sviðsljósinu sem, halda persónu þinni úr sviðsljósinu.*

*Gissur: [...]Já en með tilkomu samfélagsmiðlanna kom líka þetta aukna áreiti meira í okkar garð þegar þau fóru bara að birta myndir af okkur eða birta myndskleið af okkur eða eitthvað svoleiðis sem er, þú veist, þá fengu þau nýja aðferð fyrir útrásina fyrir gremju í garð okkar.*

Aðspurður kvaðst Gissur þessar svokölluðu dreifingar af myndbandsupptökum og myndum af lögreglumönnum ekki skapa meira neikvætt viðhorf heldur en „gróusögur“ sem gengu um lögreglumenn fyrir tíma snjallsímanna. Þó svo að vissulega næðu slík myndbönd meiri dreifingu og mögulega myndu upptökurnar ná til fleira fólks en hann upplifði það ekki skipta miklu máli fyrir lögregluna þar sem gróusögur gerðu nákvæmlega sama skaða á ásýnd fólks á lögreglunni fyrir nokkrum árum.

*[...]Mér finnst myndböndin gera bara það sama og lygarnar gerðu þar á undan sko. Þú veist, mér finnst bara, hérna, þú veist núna eru komnar ritaðari heimildir í staðinn fyrir sagnahefð. Þannig að þú veist aaaaahhh.. hvað á maður að segja ..þögn (hugsar sig um). Þú veist, jújú með tilkomu videoana þá geta þau birt eitthvað og þú veist og síðan er það upptakan hefst og henni líkur þar sem það hentar þeim sem birti það á bestan hátt. En sami einstaklingur fyrir þrjátíu árum hefði gert nákvæmlega sama hlutinn nema hann hefði bara notað munninn á sér til að bera það áfram en ekki Facebook.*

Lögreglumenn á Íslandi bera alltaf svokallaða bókmyndavélar sem tekur upp vinnu þeirra í útköllum og samskipti í hljóði og mynd. Með þessu litla tæki er hægt að auka lögmæti lögreglu og bæði er þetta öryggistæki fyrir lögreglumanninn sjálfan og einstaklinginn sem verið er að hafa afskipti af. Bókmyndavélar eru einnig notaðar til þess að taka af allan vafa á því hvað gerist á vettvangi. Til að mynda getur hvorugur einstaklingurinn haldið einhverju fram sem ekki gerðist á vettvangi. ( Coudert o.fl., 2015). Svo í rauninni er ekki verið að taka neitt upp sem ratar ekki inn í myndavélakerfi lögreglu í gegnum myndavélar lögreglumanna.

Morri kvaðst finna fyrir því að hann upplifði að snjallsímar væru notaðir sem verkfæri til að koma lögreglumönnum úr jafnvægi ásamt fleiru. Báðir viðmælendurnir upplifðu að þegar samskipti þeirra við fólk almennt væru tekin upp væri það gert í þeim tilgangi til að reyna að láta lögregluna líta illa út og setja það í dreifingu. Þeir höfðu hvorugir hugsað mikið út í slík myndbönd en viðurkenndu að hafa séð sum og einnig talaði Gissur um nokkur slík mál sem hefðu fengið framgang í réttarkerfinu. Í þeim tilvikum höfðu lögreglumenn verið teknir upp á myndband sem hafa farið í dreifingu og sum þeirra endað fyrir dóm þar sem dæmt var út frá myndbandsupptökunni og hafa nokkrir lögreglumenn verið sakfelldir.

Líkt og lesa má úr svörum Morra þá er lögreglustarfið þannig starf að reynsla getur skipt gríðarlegu máli og eftir því sem lögreglumenn eru reynslunni ríkari verða þeir öruggari með vinnu sína. Getur það því virkað sem auka álag á unga og óreynda lögreglumenn að hugsa út í að vinnubrögð sem þeir eru ekki alveg 100% öruggir með vegna reynsluleysis, gætu lent á alnetinu í dreifingu. Gissur var sammála þessu og nefndi hann að vissulega hafði snjallsímavæðing aukið áreiti almennings á lögregluna þegar hún væri að sinna sínum störfum.

### ***Áhrif fréttáflutnings og efni á netinu á viðhorf fólks gagnvart lögreglumönnum***

Viðmælendur ræddu báðir um áhrif mála líkt og George Floyd málið í Bandaríkjunum og fleiri slík mál í tengslum við Internetið og fréttáflutning. Viðmælendur voru spurðir hvort þeir fyndu fyrir breyttu viðhorfi gagnvart lögreglunni eftir að slík mál komu upp og fréttáflutningur um erlend lögreglumál jókst.

*Gissur:[...]Merkilegasti munurinn með fjölmiðlafluttning og þar sem mér fannst viðhorf bara alveg snarbreyst á núll einni, það var í aðdraganda búáhaldabyltingarinnar.*

Seinna í svari hans nefndi hann þetta:

*[...]Bara í kjölfari þess þá snarbreystist viðhorfið gagnvart okkur. Fólk fór að sýna okkur miklu meiri óvirðingu, það var jafnt fullorðnir sem og börn og hérna..... og þú veist það að vera í miðborginni að nætur, það bara jaðraði við hópslagsmál, bara það að lögreglubíllinn sæist og það var bara gerð aðsvif að lögreglubílnum, hoppað á stuðaranum og fólk gargandi gas, gas, gas, að lögreglu og bara já við lentum í miklum átökum og rugli útaf ekki neinu, bara útaf nærveru okkar. Það var svona... þá, þá, þá fannst mér viðhorfið svona snöggbreystast, en jújú eftir einhver svona George Floyd mál og vopnaburð þá svona jújú (eeeeehh) það kemur hérna... maður fær svona „snydie comment“ frá þeim sem maður er að hafa neikvætt inngríp í skiluru, en ekkert meira en það.*

Gissur kvað slíka umfjöllun hafa áhrif, en upplifun hans var sú að einstaklingar sem væru hvort sem er með neikvætt viðhorf gagnvart lögreglunni væru meira að minnast á þau mál eins og hann tekur fram hér fyrir neðan.

*Gissur[...]Þú skrifaðir þarna George Floyd, skiluru jújú það kom alveg „uptick“ í leiðinda...., snydie commentum“ skiluru en ég fann ekki teljanlegt að hérna það væri eitthvað erfiðara að eiga við ungmenni eða oftast eða meiri ókurteisi. Það bara bættist við nýtt skotfæri í móðgunarbyssuna sko.*

Morri svarar.

*[...]Mér finnst til dæmis áhrif svona miðla, fjölmiðla og þú veist eitthvað svona. Ég fann rosa sterkt fyrir eins og áhrifum af George Floyd málinu í minni vinnu. Bara svona ungt fólk, fólk virtist hafa verið rosa næmt fyrir því til dæmis. Ég var fyrir mjög sterkum áhrifum af einhverju sem var að gerast erlendis, eða, eða sem lögregla erlendis gerði. Svo við tölum bara þannig um það. Þú veist það tengdist ekkert því sem við vorum að gera hér eða minni vinnu en það hafði mikil áhrif.*

Hann bætir svo þessu svari við:

*[...]Ég fann bara fyrir, fyrir því hvernig það til dæmis, það bara svona sló niður traust til lögreglunnar á Íslandi bara um nokkur stig og, og það var algengara að, að maður fékk bara svona, svona beina vanvirðingu niður í bæ til dæmis og á djammvöktunum það var bara, ég man bara svo vel eftir því bara stuttu eftir það að það var algengara að fólk var að hrópa eitthvað á mann og kalla mann, kalla mann svín eða gefa okkur puttann, henda einhverju,, glösum eða subway samlokum í bilinn og svona yfirleitt, þetta var yfirleitt ungt fólk og unglingar en maður fann bara svona sterkt fyrir því hvað það hafði rosa áhrif þú veist, og, og mér fannst það endurspeglar bara hvaða áhrif eða bara hvað lögreglan er svona alþjóðlegt fyrirbæri og hvað svona það sem gerist erlendis hefur bara áhrif á það hvaða viðhorf fólk hefur á lögreglunni á Íslandi.*

Báðir voru þeir sammála um að ef fréttáflutningur um viss lögreglumál væri mikill fundu þeir fyrir að viðhorf almennings breyttist gagnvart þeim sem lögreglumönnum og lögreglunni í heild sinni.

Þeir nefndu bæði innlend og erlend mál, t.a.m. George Floyd og búsáholdabyltinguna Gissur minntist sérstaklega á aðdraganda búsáholdabyltingarinnar. Gissur upplifði hana hafa áhrif á bæði störf lögreglumanna og hegðun almennings gagnvart þeim er þeir sinntu störfum sínum líkt og Gissur lýsti í svari sínu með auknum dónaskap í garð þeirra og óvirðing gagnvart búnað þeirra. Þó svo að hann fyndi fyrir áhrifum af hvoru tveggja, bæði málum sem eru erlend og innlend má sjá í svörum hans að þegar umfjöllun um íslensk mál væri í deiglu gæti það frekar myndað neikvætt viðhorf hjá einstaklingi sem hefði jákvætt viðhorf.

Hægt er því að draga þá ályktun að það sem erlend lögreglulið gera um allan heim hefur áhrif á viðhorf og hegðun gagnvart lögreglu hér á landi. Mikill fréttáflutningur og neikvæðar fréttir erlendis frá getur því haft áhrif á hvernig fólk á Íslandi sér lögreglulið hérlendis þó svo að starfsumhverfi, menning og verklagsreglur séu gjörólík.

Einnig er mikilvægt að taka fram að báðir viðmælendurnir töluðu um slík mál sem fengu mikla athygli og var mikið rætt í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi virkuðu eins og kúrfa. Hún tæki hápunkt á einhverjum tíma en svo fjaraði umræðan eftir vissan tíma út og þá fyndu lögreglan ekki eins mikið fyrir neikvæðu viðhorfi gagnvart þeim tengt þessu. Nokkuð mikill

munur var á upplifun viðmælanda um hversu mikil áhrif slík umræða um hafði á störf þeirra. Gissur fann ekki að viðhorf hjá yngra fólki breyttist mikið við slíkar umfjallanir í fjölmiðlum en Morri var ekki sammála og upplifði að ungmenni væru oft mjög næm fyrir slíku og fyndi hann það þegar hann væri að hafa afskipti af ungmennum í gegnum hegðun þeirra við lögreglumenn en það lýsti sér með að ungmenni svöruðu lögreglumönnum fullum hálsi og sýndu þeim ókurteisi.

### **Færni lögreglumanna í samskiptum**

Viðmælendur voru spurðir út í hvernig þeir upplifðu færni lögreglumanna í samskiptum og hvernig þeir upplifðu sína eigin færni þegar kæmi að því að hafa samskipti við ungmenni. Einnig voru þeir spurðir út í hvaða þjálfun þeir hefðu fengið í samskiptum.

*Morri [...] Ég held að við ættum bara að byrja á því að kenna,,, byrja á því að þjálfra samskipti bara almennt við fólk, og ég held að það væri bara stór skref sem væri tekið fram á við bara með því. Ekkert endilega ungmennum sérstaklega bara svona þú veist að myndi átta sig á því að..... ungt fólk er náttúrulega ekki bara, ekki bara litlir fullorðnir sko þú veist þetta er svona, maður þarf svona þínu að nálgast þau á svona svolítið sérstakan hátt. Og hérna, og gagnvart náttúrulega mjög ungu fólki það verður náttúrulega að, maður þarf að einfalda allt og skýra hlutina bara betur og svona.*

Og hann bætti svo við:

*[...]Ég held að við gerum alls ekki nóg af því að kenna samskipti en og ennþá minna af því að þjálfra samskipti sko.*

Gissur svaraði spurningunni á þennan hátt:

*[...] En þú veist ég hef fengið góða þjálfun í deescilation skiluru að hérna, samningatækni og virkri hlustun og allt það og auðvitað nýtist það. En sérstaklega sniðið að samskiptum, jújú það hafa verið einhverjar glærur þarna inn á milli.*

Báðir viðmælendurnir voru sammála því að aldrei væri hægt að eyða of miklum tíma í að þjálfra of mikið samskiptahæfni og gera þurræfingar sem snúast að þeim. Morri kvað lögreglumenn ekki fá nógu mikla þjálfun í samskiptum í lögregluskólanum. Báðir höfðu þeir setið í gegnum nokkra áfanga og námskeið um margt sem samskiptum tengist líkt og að róa niður aðstæður og virkri hlustun. Það er vegna þess að þeir hafa sjálfir haft áhuga á því. Báðir litu þeir svo á að það væri í raun ekki þörf á því að kenna sérstaklega samskipti við börn heldur bara almenn fræðsla um samskipti. Þó svo að þeir töldu að auka mætti kennslu lögreglumanna þá fannst þeim báðum að lögreglumenn standa sig reglulega vel í samskiptum þrátt fyrir litla reynslu og fræðslu í slíku.

## ***Helstu áskoranir í samskiptum viðmælanda við ungmenni***

Þegar Morri og Gissur veltu fyrir sér hvað þeim fannst mest krefjandi í samskiptum við ungmenni og börn voru þeir nokkuð sammála.

*Morri[...] Ég held að mér finnst sko samskipti við ungmenni vera, þú veist, vera meira krefjandi heldur en samskipti við fullorðið fólk á svona flestan hátt...[...]En mér finnst allt svona og allt svona sem, af því að líka bara sérstaklega þegar maður hugsar svona allt, gagnvart ungmennum sem eru viðfangsefni lögreglu þá finnst mér allt verða flóknara.*

Seinna talaði hann um þetta:

*Morri[...]Þú veist út af þessum, þau náttúrulega eru ekki sjálfráða þú veist, en eru samt í einhverjum tilvikum sakborningar í afbrotum, í líkamsárásum, í hérna, þau eru með hnífa og þau eru með efni og það þarf að tækla þetta út frá einhverskonar lögreglu, formlegum hætti en allt verður flóknara, þú veist með foreldrum, barnavernd og þú veist það má ekki taka af þeim skýrslur nema það sé einhver svona viðstaddur og, og þú veist, mér finnst eiginlega allt vera þyngra gagnvart þeim hópi heldur en bara gagnvart fólki almennt.*

Líkt og lesa má út úr svörum Morra fannst margt flækja samskipti við ungmenni. Sama svar var hjá Gissuri en partur af því sem honum fannst einnig erfitt í sambandi við samskipti við ungmenni var að geta ekki náð til þeirra og þannig ekki fengið þau til að treysta honum fyrir vandamálum þeirra.

*Gissur[...]Maður getur séð mjög hérna.... mjög færa lögreglumenn reyna að ná til barna en þeir bara ná aldrei til þeirra því var aldrei möguleiki skiluru, alveg sama hvað þú ert fær; þetta er algjörlega niður njörvað í þau og það er erfitt og það er mjög erfitt að ná ekki þessum árangri.*

Hér fyrir neðan eru brot úr svörum viðmælanda sem var partur af svari við spurningunni. Rannsakanda fannst við hæfi að láta þessi brot fylgja með. Lesa má úr þeim hvaða viðhorf viðmælendur hafa gagnvart þeirra skyldum til að þjónusta og aðstoða borgaranna á þann hátt sem þeir geta en það er í starfslýsingu lögreglunnar sbr. lögreglulög nr. 19/1996. Líkt og kemur fram í svari Gissurs er hjálpssemi ein af uppistöðu eiginleikum sem lögreglumenn þurfa að hafa vegna eðli starfsins.

*Morri[...]Þetta er það sem við höfum verið að leggja svolítið vinnu í þú veist. Þetta er náttúruleg ungt fólk og maður vill náttúrulega reyna leggja vinnu í þetta, þú veist, að beina þeim á rétta brautir, út á beinni brautir.*

*Gissur[...] Það talar sterkt til gildanna minna þegar ég er til gagns fyrir þá sem eiga erfitt og þú veist, þú talar bara beint inn í ástæðuna af hverju maður valdi sér þetta starf yfir höfuð. Maður valdi sér þetta starf af því að maður langaði að vernda þá sem geta ekki varið sig sjálfir og allskonar sterk gildi sem urðu þess*

*valdandi að maður valdi sér þennan starfsferil frekar en einhvern annan og þegar maður fer inn í skelfileg mál sem eru erfið fyrir mann andlega og koma að börnum og maður upplifir að maður hefur orðið til gagns með inngripi sínu.*

Vegna þess að þetta eru einungis svör tveggja lögreglumanna er ekki hægt að alhæfa yfir alla starfsstéttina en leiða má líkur að því að þeir séu líklega ekki einu tveir sem hugsa á þennan hátt og vilja eftir fremsta megni aðstoða ungmenni sem í vanda eru.

Í svörum beggja viðmælanda skein í gegn að þeim langaði til þess að ná fram tengslum og trausti til barna, ekki bara í spjall heldur langaði þeim, þegar þeir þyrftu að hafa afskipti og samskipti af börnum að fá þau til að opna sig fyrir þeim til þess að geta virkilega aðstoðað þau. Tekið skal fram að engin spurning var spurð beint í kringum þetta heldur nefndu lögreglumenn þetta sjálfir í svörum sínum er þeir svöruðu öðrum spurningum.

Þeim fannst hvorugum samskiptin í sjálfum sér vandamálið eða erfið heldur fannst þeim allt í kringum afskipti við ungmenni vera meira mál. Þeim fannst meira af regluverkum og stofnunum koma við sögu þegar þeir þyrftu að hafa afskipti af ungmennum og varð það til þess að vinna þeirra varð flóknari. Þeir nefndu báðir aðkomu Barnaverndar, félagsmálastofnun og svo auðvitað allt regluverk sem lögreglumaður þarf að huga að. Til að mynda má lögreglumaður ekki taka skýrslu af barni án þess að Barnavernd sé viðstödd, einnig þurfa þeir að gæta þess að á vettvangi að brjóta ekki á rétti barnsins með því t.a.m. að spyrja ekki of djúpra spurninga þegar barnið hefur ekki fullorðinn með sér.

### ***Hópamyndanir ungmenna og afskipti lögreglu***

Þegar rætt er um hópamyndanir unglunga og þeirra reynslu af afskiptum af slíku hafa bæði Gissur og Morri reynslu af því og sinnt útköllum vegna slíkra uppákoma.

*Morri[...]*Það svona skapast hjá smá svona, það hafa komið svoldið svona fókus á það í okkar hverfi, okkar varðsvæði, að það er svona dálítið svona óæskileg hópamyndun ungmenna á svona fjölförnum stöðum eins og Skeifunni og Hlemmi og Kringlunni og svona. Og svona eeehhhh þar sem að ungmenni eru svona, hafa verið ölvuð og svona verið svona til ama, stundum bara hreinlega bara afbrot, skemmdarverk og ofbeldi og bara dálítið í því samhengi höfum við verið svolítið að fókusera á þetta undanfarið.

Þarna nefnir hann dæmi af eigin reynslu þar sem starfsstöð hans er að einbeita sér að slíkri háttsemi hjá ungmennum með afskiptum. Það er að segja að leggja áherslu á að uppræta slíka hópa vegna skemmdarverka sem þeir taka upp á að gera. Upplifun hans er að oft geti það

verið strembið vegna dýnamíkar hópsins. Líkt og kemur fram í grein Sargeant og Bond, ungmenni verða oft viðfangsefni lögreglu vegna slíkra notkunar á almenningsrýmum og eru þar af leiðandi miklu líklegri til að mynda sér neikvætt viðhorf gagnvart lögreglunni frekar en ungmenni sem tengist ekki lögreglumáli.

Gissur ræddi almennt um hópamyndanir en nefndi engin sérstök dæmi.

*[...]Síðan líka bara jafnvel einfaldara ef við tökum þarna, fyrir framan aðra, unglíngur getur hagað sér alveg eins og ótemja fyrir framan vini sína en þegar þú veist, maður segir „heyrðu þetta er komið gott“ og síðan færir maður barnið inn í lögreglubíl þá þú veist.. þá, þá, þá einhvern veginn hverfur hvatinn til að haga sér eins og fjfl.*

Í svari Gissurar lýsir það sér hvað það getur verið krefjandi fyrir lögreglumenn að hafa afskipti af hópum heldur en bara einum einstaklingi og því sé mjög hentugt að aðskilja einstaklinga. Morri nefndi einnig þetta í svari sínu:

*[...]Ef við erum, ef ég er einn eða við erum tvö og þau eru átta skiluru. Þá verður einhver svona mögnunaráhrif sem að þú veist, sem er bara erfitt að dila við á þann,, og það sé best að mæta með því eins og ég segi með því að átta sig á því hvernig þau eru, hvar er neistinn og dálítið einangra hann frá hópnum. Þú veist taka hann frá þetta pepp sem hann sækir í hópinn og ég segi þetta því að börn, eða ungmenni verða mikið svona, það breytist allt svona viðmót, verða mikið rólegri og kurteisari í samskiptum við lögguna ef þetta er bara einn og einn eða tveir og einn. En ekki svona með eitthvað „crowd“.*

Einnig nefnir Morri þetta í svari sínu:

*[...]Sparkinn eða svoleiðis, neistann þú veist, þetta eru ekki tuttugu ungmenni í vanda, þú veist, þetta eru eitt, tvö og svo fullt af „followers“.*

Eins og kemur fram í svari Morra hér fyrir ofan og einnig leggur hann reglulega áherslu í gegnum viðtalið á að ungmenni sem lögreglan þarf að hafa afskipti af telur hann í flestum tilvikum eiga í miklum vanda. Líkt og kemur hér fram í einu af hans svörum.

*[...]Ef ég hugsa um gagnvart viðfangsefni lögreglu og ungmennum sem eru í vanda, þú veist. Þá er náttúrulega svolítið svona munur þú veist.. svona tólf, þrettán, fjórtán ára ungmenni sem er viðfangsefni lögreglu er ábyggilega í miklum vanda statt.... minnsta kosti svona.... Ef þú ert sko, ef þú ert sko í höndunum á lögreglu á þessum aldri. Kannski í ofbeldi eða brasi eða svoleiðis eða þá, eða þá sem eitthvað fórnarlamb einhvers þá, þá eru meiri líkur en minni að það séu svona svolítið, viðkomandi sé með svolítið umfangsmikinn vanda.*

Eins og lesa má í fyrsta svari Morra þá er hans starfsstöð að leggja áherslu á að láta þessa hópa ekki afskiptalaus. Báðir viðmælendur nefna að aðstæður sem geta skapast

Þegar lögregla hefur afskipti af hópum af ungmennum geta verið nokkuð erfiðar, sérstaklega ef lögreglumenn eru fáir. Þeir upplifa að oft geti verið erfitt að hafa góð afskipti og samskipti við ungmennum í slíkum aðstæðum. Ungmenni eiga það til að æsa hvort annað upp og getur þannig myndast múgæsingur sem erfitt getur verið að eiga við. Í þeim aðstæðum getur margt gerst og ungmenni verða hömlulausari og ósamvinnufúsari. Gissur nefnir að best sé að aðskilja einstaklingana og þannig minnkar móttþróinn þegar þau þurfa að standa ein andspænis lögreglu. Morri nefnir í þessu samhengi einnig að þessi ungmenni eiga oft erfitt og séu það þau sem lögreglumenn þurfa að leggja áherslu á að hafa samskipti við. Það sem er áhugavert er að Morri nefnir það sama og talar um að hann beiti sömu aðferðum og Gissur og hans félagar beita í slíkum aðstæðum. Gaman er að sjá að þrátt fyrir að viðmælendur voru einungis tveir og þrátt fyrir aldursmun, starfsstöð og reynslu hvað lögreglumenn leysa vandamál og uppákomur á svipaðan máta. En það er einnig gott fyrir alla ímynd lögreglunnar að lögreglumenn séu að tileinka sér svipuð og fagmannleg vinnubrögð í störfum sínum.

### ***Afskipti af erlendum ungmennum***

Aðspurðir hvort viðmælendur upplifðu mun á viðhorfi ungmenna sem voru af erlendu bergi brotin eða ekki gagnvart lögreglu. Svörin voru frekar víð og í raun var reynsla þeirra mjög ólík.

*Morri:[...]Mér finnst ég sjaldnar sjá, mér finnst ég sjaldnar hafa lent í því að einhvern veginn eiga í samskiptum við fólk af erlendum uppruna sem einhvern veginn, einhvern veginn kemur með afstöðu, kemur með reynslu sína af afskiptum lögreglu í þeirra garð frá heimalandinu eða eitthvað svoleiðis.*

Gissur kvaðst hins vegar stöku sinnum finna fyrir viðhorfi sem væri mögulega smitað út frá fyrri reynslu þegar hann hafði afskipti af fólki og ungmennum sem voru af erlendu bergi brotnu.

*[...]Ég held að framkoma þeirra litist af menningunni sem þau koma frá og þú veist ég tala nú ekki um börn sem koma frá, frá hérna, frá menningarheimum þar sem að er mikið ..... vandlæti gagnvart lögreglunni og það smitast alveg í þau og þeirra framkomu sko en mér finnst það bara vera svolítið eins og litrófið. Þannig að maður hefur séð ógnarkurteisi frá útlenskum börnum og maður hefur líka séð mikla hortugheit og tukt sko.*

Morri kvaðst hafa tekið eftir því að fólk sem væri á Íslandi vegna þess að það væri flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd væri oft mjög „traumatiseru“ og skildi



hann það vel. Hann fyndi hins vegar ekki fyrir því að fólk kæmi með sína upplifun af lögreglunni úr sínu heimalandi og yfirfærði það viðhorf á íslenska lögreglu. Gissur var ekki sammála því og taldi hann sig upplifa í fá skipti viðhorf hjá erlendum börnum sem hann taldi eiga upptök sín út af fyrri reynslu af lögreglu. Hins vegar fannst honum það ekki gerast oft.

### ***Samfélagslöggæsla***

Viðmælendur voru spurðir hvort þeir hefðu á einhverjum tímapunkti sinnt samfélagslöggæslu á ferli sínum, hvorugur viðmælandi hafði mikla reynslu af þeirri löggæsluaðferð.

*Gissur [...] Hérna bara mjög skemmtilegir klukkutímar tveir sem við eyddum þar. Það var gaman að það skilaði sér í viðhorfi að því leyti að þau mundu eftir mér restina af sumrinu þannig að þegar ég var að hafa afskipti að næturlagi í einni götunni eða í einhverju veseni þarna niðri miðbæ að sinna einhverju verkefni þá komu þau og heilsuðu upp á mann eða vísuðu í eitthvað grín sem maður átti þarna í félagsmiðstöðinni þannig að það var allt rosalega jákvætt.*

*Morri [...] Það var einhver hópur af einhverjum svona þú veist,, ég myndi giska kannski svona fjórtán fimmtán ára eitthvað svoleiðis [...] þau eru eitthvað búin að plana þetta sín á milli. Einn þeirra kemur síðan til okkar og spyr mig hvort hann, ég var nýbúinn að fá matinn minn, hvort hann megi fá franskar hjá mér. Þetta er bara svona dæmi, þetta eru bara svona venjulegir krakkar og þeir eitthvað svona finnst þetta eitthvað svona spes að löggan sé út að borða á KFC og bara í vestunum og í vinnugallanum og hann manaði sig upp í að koma til mín og spyrja hvort hann mætti fá franskar.*

Hvorki Gissur né Morri höfðu sinnt mikilli samfélagsgæslu á ferli sínum. Gissur kvaðst í eitt skipti hafa farið á vakt í félagsmiðstöð í grunnskóla og eytt tíma með ungmennum. Morri kvaðst aldrei hafa tekið þátt né sinnt neinu slíku en hins vegar nefndi hann dæmi um að á vöktum færi hann stundum og borðaði á matsölustað og þætti honum gaman að setjast þar niður til að borða. Í stöku tilfella kæmu börn og ungmenni og gáfu sig á tal við hann og féлага hans af fyrrabragði. Morra fannst gaman að því og upplifði hann þeir verða aðgengilegri fyrir fólk að koma og spjalla við þá. Í svari Gissurar er hægt að sjá, að þrátt fyrir að hann hafði einungis einu sinni sinnt hefðbundinni samfélagslöggæslu þá hafði það nokkuð mikil áhrif. Gissur nefndi að þegar hann hefði hitt sömu einstaklingana seinna um sumarið höfðu þau munað eftir honum og heilsað honum. Í rauninni er þetta sama viðhorf og samfélagslöggunar tala um að þær fái þrátt fyrir að hafa sinnt slíkri löggæslu í mikið lengri tíma. Sýnir það hversu lítið þarf til að skapa tengsl við ungmenni með slíkum heimsóknum.

## **Upplifun lögreglumannanna af vopnaburði ungmenna**

Vegna lengri starfsreynslu var Gissur spurður út í hvort hann fyndi fyrir mun á vopnaburði nú til dags og fyrir 10 árum þegar kæmi að ungmennum. Svar hans var að hann fyndi fyrir miklum mun. Einnig var Gissur spurður út í sína upplifun af slíku.

*Gissur [...]Það er bara mín tilfinning að þetta hafi aukist. Og líka bara ítrekun, þú veist fleiri, ég hef farið oft í hnífamál á síðustu fimm árum þrátt fyrir það að ég sé innipési stóran hluta af tímanum heldur en ég gerði kannski fyrstu fimm árin.*

Morri nefnir nokkur dæmi um afskipti í gegnum viðtalið þar sem hann hefur þurft að hafa afskipti af ungmennum með vopn í fórum sínum og talar hann um að það sé einnig frekar algengt. Líkt og hann nefnir hér:

*[...]Útköllin vegna ungmenna allaveganna á minni starfsstöð eru náttúrulega kannski svona veigamestu útköllin. Eru vegna ungmenna sem eru bara í talsvert miklum vanda, eru bara, eru bara í, í, í kerfinu á einhverjum stað þú veist, búin að vera á Bugl, búin að vera á Stuðlum. Eeehhh eru í, eru í stroki frá þessum stöðum þú veist og, og við erum að aðstoða barnavernd við að leita að þeim. Einhver af þeim eru bara í afbrotum af einhverju tagi, þú veist, líkamsárásir og eru að varsla vopn og fíkniefni.*

Út frá svörum beggja viðmælanda er hægt að leiða líkur að því að vopnaburður meðal ungmenna er nokkuð algengur og hefur líklega aukist með árunum. Báðir segja þeir að það sé í lang fæstum tilvikum þar sem einstaklingar eru með vopn í fórum sínum, sé það til þess að geta varið sig fyrir lögreglunni. Báðir nefna þeir að fíkniefnanotkun og vopnaburður haldist í hendur og séu einstaklingar oft að verja sjálfa sig fyrir t.d. öðrum neytendum eða seljendum. Hins vegar telja þeir að vopnaburður meðal ungmenna sé meira í tísku, teljist vera kúl og því viðhorfi sé beint að ungmennum í gegnum tónlist, þáttaraðir, bíómyndir og Internetið.

## **Umræður**

Fyrir utan kvenlögregluna sem var sett á laggirnar árið 1953 sem hafði svipuð markmið og samfélagslöggæsla nú til dags er lögreglan á Íslandi tiltölulega nýbyrjuð að sinna löggæslu sem miðuð er að börnum og ungmennum (Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, 1997). Vísbendingar eru um að sú löggæsluáferð nýttist lögreglunni við að búa til tengingu og samband milli barna og lögreglunnar (Corder, 1997).

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli viðhorfs foreldra og barna þeirra um ýmsa hluti, þar á meðal lögregluna, sem skýra má með félagsnámskenningu. (Akers og Jennings, 2016). Við greiningu á viðtalsgögnum kom fram að upplifun viðmælanda eru í samræmi við þessar rannsóknir þar sem þeir upplifa tengsl milli viðhorfs barns og foreldra þeirra. Þó svo að alltaf sé undantekning á slíku hafa lögreglumenn einnig upplifað undantekningar í sýnum störfum en í miklum meirihluta afskipta hafa börn og foreldri haft mjög svipað viðhorf. Báðir viðmælendur höfðu orð á því að í þeim tilfellum þar sem viðhorf ungmenna stangaðist á viðhorf foreldra þeirra upplifðu þeir það skrítið og undirstrikar það hversu algengt það gagnstæða er.

Þrátt fyrir aldursmun og starfsaldur viðmælanda voru svör þeirra nokkuð lík. Þrátt fyrir ólíka reynslu og dæmi sem þeir nefndu benda svör þeirra til þess að upplifanir þeirra á afskiptum af ungmennum séu mjög svipaðar. Oftar en ekki komu viðmælendur með sitthvorar sögunnar svörum sínum til stuðnings en rauði þráðurinn í þeim var nokkuð oft sá sami. Það sem skein mest í gegn var að báðir upplifðu þeir að erfiðasti hópur ungmenna sem þeir þurftu að hafa afskipti af voru ungmenni sem voru í vanda stödd og ekki á góðum stað í lífinu. Hvort sem það var vegna heimilisaðstæðna og veiks stuðningsnets, andfélagslegra viðhorfa, fikniefnaneyslu eða afbrotahæðun af einhverju tagi. Þeir upplifðu að viðhorf ungra einstaklinga getur verið mjög breytilegt en út frá svörum beggja viðmælanda er hægt að leiða líkur af því að þau ungmenni sem eru ekki á beinni braut í lífinu séu líklegri til að vera með neikvætt viðhorf gagnvart lögreglunni vegna fjölda afskipta hennar af þeim.

Báðir viðmælendurnir upplifðu að í meirihluta afskipta af ungmennum fengu þeir virðingu og gott viðmót frá ungmennum. Þessi upplifun viðmælanda er í samræmi við niðurstöður rannsókna sem framkvæmd var af CSEW í Bandaríkjunum á viðhorfi ungmenna til lögreglunnar hafa niðurstöður bent til þess að þau ungmenni sem lögreglan þarf að hafa afskipti af oftar og í tengslum við mál á borði lögreglunnar eru gjarnari að mynda sér neikvætt viðhorf heldur en þau sem eru ekki viðriðin slík mál (Sindall o.fl., 2017).

Viðmælendur fundu fyrir því að erlend mál sem urðu að fréttæfni í tengslum við lögreglulið í öðrum löndum höfðu áhrif á viðhorf samfélagsins til íslenskrar lögreglu. Hins vegar fannst þeim það virka líkt og kúrfa þar sem umræðan fór hátt upp í samfélaginu og fór svo niður á við og gleymdist jafn hratt og hún myndaðist. Þegar samfélagslöggurnar voru spurðar hvað þær vildu fá út úr starfi sínu sagði önnur þeirra vilja kynna ungmennum fyrir íslensku lögreglunni. Leiða má líkur að því að ef ungmenni eru upplýst um vinnubrögð og þekkja til

lögreglunnar hérlendis gæti það minnkað áhrif fréttæfna og lögreglumála erlendis á viðhorf til íslensku lögreglunnar.

Þegar rætt var um upptökur ungmenna af samskiptum við lögreglu voru viðmælendur hættir að kippa sér upp við það. Þeir skyldu að lögreglumönnum gæti fundist það óþægilegt að hugsa út í möguleikann að myndband af þeim sinna störfum sínum gæti lent á Internetinu en það kæmi með reynslunni að hunsa það. Einnig upplifðu þeir að ungmenni ættu það oft til að nota þetta gagnert til þess að koma lögreglumönnum úr jafnvægi. Samfélagslöggurnar upplifðu ekki mikið af því að umræður um slík myndbönd kæmu upp hjá þeim en þegar þau komu upp voru þau ánægð að fá að ræða það við ungmennin.

Það sem hægt var að lesa úr svörum beggja viðmælanda og einnig viðmælendum frá samfélagslöggum var áhugi á því að gera sem mest til að hjálpa ungmennum í vanda og horfa ekki bara á þau sem lögreglumál heldur einstaklinga. Út frá verkefninu samfélagslöggur hafa sprottið ýmis fleiri verkefni í samvinnu við félagsmiðstöðvar og eru samfélagslöggur að sinna margskonar forvarnarstarfi í tengslum við það. Hægt er því að segja að lögreglustarfið sé heldur fjölbreytt og felst ekki einungis í því að handtaka fólk.

Traust og lögmæti haldast í hendur líkt og kemur fram í fræðilegri umfjöllun þessarar ritgerðar. Út frá svörum viðmælanda er þeir voru spurðir út í upplifun þeirra af trausti frá ungmennum voru upplifanir þeirra að þeir fundu fyrir trausti frá meirihluta þeirra ungmenna sem þeir höfðu afskipti af. Líkt og kom fram í svari annars þeirra var það að ungmenni átta sig almennt á því hvert hlutverk lögreglunnar er og upplifði hann að þau kölluðu eftir aðstoð ef þau töldu þörf á því. Það sýnir fram á að traust er til staðar og trú á lögmæti, því ekki fer einstaklingur að kalla eftir aðstoð frá þeim sem þau treysta ekki né trú á að geti aðstoðað þau við vandamál sín.

Ritgerð þessi byggir á viðtölum við lögreglumenn um málefni sem ekki hefur verið rannsakað hér á landi áður svo höfundur viti til. Þó svo að einungis hafi verið framkvæmd djúpvíðtöl við tvo lögreglumenn er þó hægt að draga fram þeirra sýn á afskiptum af ungmennum og upplifanir þeirra á þeim og með því mögulega varpað einhverri mynd af upplifun þeirra á hegðun og viðhorfi ungmenna gagnvart lögreglunni hér á Íslandi.

Annmarkar rannsóknarinnar eru, eins og áður hefur komið fram, þá voru einungis tekin viðtöl við tvo lögreglumenn svo erfitt er að setja fram áreiðanlegar niðurstöður byggt á svo fáum viðmælendum. Hins vegar vegna hversu einlægir og hreinskilnir lögreglumennirnir voru má telja að svör þeirra endurspegli raunverulegan reynsluheim þeirra. Einnig hversu líkar

upplifanir þeirra voru um vissar aðstæður má leiða líkur að því að fleiri lögreglumenn kunni að upplifa aðstæður á svipaðan hátt.

Niðurstöðurnar geta því gagnast við undirbúning að rannsókn þar sem hægt væri að taka viðtöl við ungmenni um reynslu þeirra á samskiptum við lögregluna til að skoða þeirra hlið. Þá væri hægt að kanna hversu algeng þessi upplifun er meðal lögreglumanna með því að gera könnun þar sem allir lögreglumenn væru spurðir sömu spurninga. Einnig væri áhugavert að skoða viðhorf og upplifun ungmenna af samfélagslöggunum og fá þannig þeirra upplifun því engar heimildir eru að finna um það.

## Heimildir

Akers, R. L. og Jennings, W. G. (2016). Social learning theory. Í A. R. Piquero (ritstjóri), *The handbook of criminological theory*, (bls. 230-240). Wiley.

[https://edisciplinas.usp.br/pluginfile.php/7907530/mod\\_resource/content/1/%282016%20C%20Piquero%29%20The%20Handbook%20of%20Criminological%20Theory.pdf#page=248](https://edisciplinas.usp.br/pluginfile.php/7907530/mod_resource/content/1/%282016%20C%20Piquero%29%20The%20Handbook%20of%20Criminological%20Theory.pdf#page=248)

Alalehto, T. og Larsson, D. (2016). Measuring trust in the police by contextual and individual factors. *International Journal of Law, Crime and Justice*, 46, 31-42.

<https://doi.org/10.1016/j.ijlcrj.2016.01.001>

Albrecht, J. F. (2024). Initiatives to improve Police- Community Collaboration and Trust. Í Albrecht, J.F., den Heyer, G. (e.d.) *Special Topics in Policing*. Springer, Cham.

[https://doi.org/10.1007/978-3-031-56347-8\\_10](https://doi.org/10.1007/978-3-031-56347-8_10)

Árnastofnun. (e.d.). Forvarnir. *Íðorðabankinn*. <https://idordabanki.arnastofnun.is/leit/forvarnir>

Bayley, D.H. og Shearing, C.D. (1996). The Future of Policing. *Law and Society Review*, 30(3), 585-606. [https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract\\_id=2726571](https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=2726571)

Berndt, A. E. (2020). Sampling methods. *Journal of Human Lactation*, 36(2), 224-226.

<https://doi.org/10.1177/0890334420906850>

Bolger, P. C. og Walters, G. D. (2019). The relationship between police procedural justice, police legitimacy, and people's willingness to cooperate with law enforcement: A meta-analysis. *Journal of Criminal Justice*, 60, 93-99.

<https://doi.org/10.1016/j.jcrimjus.2019.01.001>

Bradford, B., Jackson, J. og Stanko, E. A. (2009). Contact and confidence: Revisiting the impact of public encounters with the police. *Policing & Society*, 19(1), 20-46.

<https://doi.org/10.1080/10439460802457594>

Can, S. H. (2024). Regional Differences in the Perception of American Adolescents on Police Objectivity and Fairness. Í Albrecht, J.F., den Heyer, G (e.d.) *Special Topics in Policing*. Springer, Cham. [https://doi.org/10.1007/978-3-031-56347-8\\_12](https://doi.org/10.1007/978-3-031-56347-8_12)

Cordner, G. W. (1997). Community policing elements and effects. *Critical issues in policing: Contemporary readings*, 5, 432-449.

[https://secure.tutorsglobe.com/Atten\\_files/2303\\_chp-24.pdf](https://secure.tutorsglobe.com/Atten_files/2303_chp-24.pdf)

Coudert, F., Butin, D. og Le Métayer, D. (2015). Body-worn cameras for police accountability opportunities and risks. *The Computer Law and Security Report*, 31(6),749-762.

<https://doi.org/10.1016/j.clsr.2015.09.002>

Crowl, J. N. (2017). The effect of community policing on fear and crime reduction, police legitimacy and job satisfaction: An empirical review of the evidence. *Police Practice and Research*, 18(5), 449-462.

<https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/15614263.2017.1303771>

David, M. og Sutton, C. D. (2011). *Social Research: An introduction*. London: SAGE Publications

Delsol, R. og Shiner, M. (2006). Regulating stop and search: A challenge for police and community relations in England and wales. *Critical Criminology*, 14(3), 241-263.

<https://doi.org/10.1007/s10612-006-9013-1>

Diaz, A. (2019). *Community policing: A patrol officer's perspective*.

<https://portal.cops.usdoj.gov/resourcecenter/ric/Publications/cops-w0876-pub.pdf>

Ellefsen, H. B., Bjørkelo, B., Sunde, I. M. og Fyfe, N. R. (2023). Unpacking preventive policing: Towards a holistic framework. *International Journal of Police Science & Management*, 25(2), 196-207. <https://doi.org/10.1177/14613557231163403>

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2020). *Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum landsmanna til aðgerða vegna COVID-19 og annarra starfa lögreglunnar*.

[https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/02/Vidhorf-til-logreglu-og-thjonustu\\_konnun-2020.pdf](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2021/02/Vidhorf-til-logreglu-og-thjonustu_konnun-2020.pdf)

Gallup. (e.d.) *Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Fylgja skal fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna*.

[https://www.gallup.is/data/questions/ge2tmobz/?view\\_id=g43taoi&L%C3%B6gregluum  
d%C3%A6mi=Nor%C3%B0urland+eystra&is\\_sticky\\_filter=true](https://www.gallup.is/data/questions/ge2tmobz/?view_id=g43taoi&L%C3%B6gregluumd%C3%A6mi=Nor%C3%B0urland+eystra&is_sticky_filter=true)

Harkin, D. (2015). Police legitimacy, ideology and qualitative methods: A critique of procedural justice theory. *Criminology & Criminal Justice*, 15(5), 594-612.

<https://journals.sagepub.com/doi/10.1177/1748895815580397>

Harris, J. W. og Jones, M. S. (2020). Shaping youths' perceptions and attitudes toward the police: Differences in direct and vicarious encounters with police. *Journal of Criminal Justice*, 67, 101674.

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0047235220300787>



- Helga Jónsdóttir. (2021). Viðtöl í eigindlegum og meginndlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir handbók í aðferðarfræði* (bls. 147-170) Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan.
- Hinds, L. (2007). Building police - youth relationships: The importance of procedural justice. *Youth Justice*, 7(3), 179-259. <https://doi.org/10.1177/1473225407082510>
- Hurst, Y. G. og Frank, J. (2000). How kids view cops the nature of juvenile attitudes toward the police. *Journal of Criminal Justice*, 28(3), 189-202. [https://doi.org/10.1016/S0047-2352\(00\)00035-0](https://doi.org/10.1016/S0047-2352(00)00035-0)
- Jennings, M. K., Stoker, L. og Bowers, J. (2009). Politics across generations: Family transmission reexamined. *The Journal of Politics*, 71(3), 782-799. <https://doi.org/10.1017/S0022381609090719>
- Kääriäinen, J. og Siren, R. (2012). Do the police trust in citizens? European comparisons. *European Journal of Criminology*, 9(3), 276-289. <https://doi.org/10.1177/1477370811435737>
- Kelling, G. L. og Moore, M. H. (1988). The evolving strategy of policing. *US Department of Justice. National Institute of Justice. Perspectives on Policing*. <https://www.ojp.gov/pdffiles1/nij/114213.pdf>
- Longstaff, A., Willer, J., Chapman, J., Czarnomski, S. og Graham, J. (2015). *Neighbourhood policing: Past, present and future: A review of the literature*. [https://www.police-foundation.org.uk/wp-content/uploads/2017/06/neighbourhood\\_policing\\_past\\_present\\_future.pdf](https://www.police-foundation.org.uk/wp-content/uploads/2017/06/neighbourhood_policing_past_present_future.pdf)
- Lögregluglög nr. 90. (1996). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1996090.html>

- Mourtgos, S. M., Mayer, R. C., Wise, R. A. og O'Rourke, H. (2019). The overlooked perspective of police trust in the public: Measurement and effects on police job behaviors. *Criminal Justice Policy Review*, 31(5), 639-672.  
<https://doi.org/10.1177/0887403419851850>
- National Police Foundation. (2016). *A Toolkit for California Law Enforcement: Policing Today's Youth*. [https://www.policinginstitute.org/wp-content/uploads/2016/08/PF\\_IssueBriefs\\_TeenBrain\\_Final.pdf](https://www.policinginstitute.org/wp-content/uploads/2016/08/PF_IssueBriefs_TeenBrain_Final.pdf)
- Sargeant, E. og Bond, C. E. W. (2015). Keeping it in the family: Parental influences on young people's attitudes to police. *Journal of Sociology*, 51(4), 917-932.  
<https://doi.org/10.1177/1440783313482817>
- Sindall, K., McCarthy, D. J. og Brunton-Smith, I. (2017). Young people and the formation of attitudes towards the police. *European Journal of Criminology*, 14(3), 344-364.  
<https://doi.org/10.1177/1477370816661739>
- Skogan, W. G. (1996). The community's role in community policing. *National Institute of Justice Journal*, 231, 31-34. <https://nij.ojp.gov/library/nij-journal/nij-journal-archive-all-issues#two31>
- Sunshine, J. og Tyler, T. R. (2003). The role of procedural justice and legitimacy in shaping public support for policing. *Law & Society Review*, 37(3), 513-548.  
<https://doi.org/10.1111/1540-5893.3703002>
- Taylor, S. J., Bogdan, R., og DeVault, M. (2015). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource* (4. útgáfa). Wiley.

Tómas Bjarnason. (2014). Traust í kreppu: Traust til Alþingis, lögreglu, stjórnámálanna og 56 forseta Íslands í kjölfar hrunsins. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 19-38.

[www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/67/54](http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/67/54)

Vollebergh, W.A. M., Iedema, J. og Raaijmakers, Q. A. W. (2001). Intergenerational transmission and the formation of cultural orientations in adolescence and young adulthood. *Journal of Marriage and Family*, 63(4), 1185-1198.

<https://www.proquest.com/docview/219750774/72C197DE3D594874PQ/1?accountid=135943&sourcetype=Scholarly%20Journals>

Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson. (1997). *Lögreglan á Íslandi, stéttartal og saga*.

Byggðir og bú ehf.

## Spurningar fyrir lögreglumann 1

1. Hvar vinnurðu og hvernig löggæslu sinniru ? Hvað felst í þínu starfi?
2. Hvernig upplifir þú afskipti við unga krakka, hver er þín upplifun ef þú hugsar um meirihluta afskipta þinna við þann hóp samfélagsins? Eru þau á jákvæðan hátt eða neikvæðan hátt ?
3. Hvernig finnst þér ungir krakkar bregðast við ef lögreglan hefur afskipti af þeim?
4. Finnst þér unglingar öðruvísi í dag en fyrir 15 árum með tilliti til viðhorfs gagnvart lögreglunni?
5. ( Ef einhver breyting er ) Hver er mesta breytingin sem þú tekur eftir í fari ungra krakka?
6. Upplifir þú að ungt fólk beri almennt virðingu fyrir lögreglunni og lögreglumönnum ?
  - a. Ef svo er ekki heldurðu að það sé minna gagnvart lögreglunni eða bara almennt virðingaleysi gagnvart stofnunum?
7. Hefuru tekið eftir hvaða hugmyndir ungt fólk hefur á lögreglunni (miðað við hvernig þau tjá sig og hegða sér við lögreglumenn) ?
8. Finnurðu fyrir mun á virðingu sem ungt fólk ber fyrir lögreglunni nú og fyrir 10 árum síðan?
9. Hverjar eru helstu áskoranir sem þú mætir í samskiptum við ungt fólk ??
  - a. Hvað er erfiðast
  - b. Hvað er auðvelt ?
10. Finnst þér vera munur á samskiptum milli lögreglumanna og íslenskra ungmenna eða ungmenna sem eru af erlendum uppruna ?
11. Finnst þér ungt fólk sýna ofbeldi og andúð í garð lögreglunnar af ástæðulausu?
12. En fyrir 15 árum ?? upplifir þú einhver mun.
13. Finnst þér þú hafa meiri afskipti af yngri börnum í dag ef þú miðar við síðustu við síðustu 15 ár?
14. Finnst þér snjallsímar vera vandamál á einhvern hátt þegar kemur að því þegar þú þarft að sinna starfi þínu ?

15. Finnuru fyrir að ungt fólk treysti þér sem lögreglumanni? Treysti lögreglunni miðað við afskiptin sem þú hefur átt við unga krakka?
16. Finnst þér þú finna mun á viðhorfi ungra einstaklinga gagnvart lögreglunni eftir að notkun snjallsíma jókst ?
17. Hefurðu á einhvern hátt orðið var við að viðhorf foreldra endurspegli viðhorf barns. ( Ef lögreglan er oft með foreldri í höndunum getur það smitað viðhorf barnsins eitthvað) ?
18. Hefuru einhvern tímann tekið þátt í starfi lögreglunnar sem gæti flokkast undir samfélagslöggæslu og hvert er viðhorf þitt til þannig löggæslu ?
19. Finnuru fyrir mun á vopnaburði ungs fólks í dag miðað við þegar þú hófst störf?
20. Hefuru fengið einhverja þjálfun tengda því að hafa afskipti af ungum einstaklingum eða hefuru einhvern tímann þælt í einhverju slíku, gerir þú eitthvað sérstakt þegar þú hefur afskipti af þeim ?
21. Hvernig telur þú að þjálfun eða undirbúningur lögreglumanna í samskiptum við ungt fólk gæti verið bættur?
22. Tekur þú eftir auknu virðingaleysi gagnvart lögreglunni ef eitthvað hneykslismál tengt lögreglunni kemur í fjölmiðla ?
23. Getur þú deilt dæmi eða reynslusögu þar sem samskipti við ungt fólk gengu sérstaklega vel ?

## Spurningar fyrir lögreglumann 2

1. Hvar vinnurðu og hvernig löggæslu sinniru ? Hvað felst í þínu starfi
2. Hvernig upplifir þú afskipti við unga krakka, hver er þín upplifun ef þú hugsar um meirihluta afskipta þinna við þann hóp samfélagsins? Eru þá á jákvæðan hátt eða neikvæðan hátt ?
3. Hvernig finnst þér ungir krakkar bregðast við ef lögreglan hefur afskipti af þeim?
4. Upplifir þú að ungir einstaklingar bera virðingu fyrir lögreglunni og lögreglumönnum?
  - a. Ef svo er ekki heldurðu að það sé minna gagnvart lögreglunni eða bara almennt virðingaleysi gagnvart stofnunum?
5. Hefuru tekið eftir hvaða hugmyndir ungt fólk hefur á lögreglunni? (miðað við hvernig þau tjá sig og hegða sér við lögreglumenn) ?
6. Hverjar eru helstu áskoranir sem þú mætir í samskiptum við ungt fólk ??
  - a. Hvað er erfiðast
  - b. Hvað er auðvelt ?
7. Finnst þér vera munur á samskiptum milli lögreglumanna og íslenskra ungmenna eða ungmenna sem eru af erlendum uppruna ?
8. Finnst þér ungt fólk sýna ofbeldi og andúð í garð lögreglunnar af ástæðulausu??
9. Finnst þér snjallsímar vera vandamál á einhvern hátt þegar kemur að því þegar þú þarft að sinna starfi þínu ?
10. Finnuru fyrir að ungt fólk treysti þér sem lögreglumanni? Treysti lögreglunni miðað við afskiptin sem þú hefur átt við unga krakka?
11. Hefurðu á einhvern hátt orðið var við að viðhorf foreldra endurspegli viðhorf barns. ( Ef lögreglan er oft með foreldri í höndunum getur það smitað viðhorf barnsins eitthvað) ??
12. Hefuru einhvern tímann tekið þátt í starfi lögreglunnar sem gæti flokkast undir samfélagslöggæslu og hvert er viðhorf þitt til þannig löggæslu ?
13. Finnuru fyrir vopnaburði ungs fólks í dag ?

14. Hefuru fengið einhverja þjálfun tengda því að hafa afskipti af ungum einstaklingum eða hefuru einhvern tímann þælt í einhverju slíku, gerir þú eitthvað sérstakt þegar þú hefur afskipti af þeim ?
15. Hvernig telur þú að þjálfun eða undirbúningur lögreglumanna í samskiptum við ungt fólk gæti verið bættur?
16. Tekur þú eftir auknu virðingaleysi gagnvart lögreglunni ef eitthvað hneykslismál tengt lögreglunni kemur í fjölmiðla líkt og George FLoyd málið
17. Getur þú deilt dæmi eða reynslusögu þar sem samskipti við ungt fólk gengu sérstaklega vel ?